

Árs- og sjálfbærniskýrsla

2024



Efnisyfirlit

Sýn í hnotskurn

Um Sýn	2
Treystum grunninn.....	4
Stjórnarhættir.....	6
Gengi á markaði.....	12
Vottanir	13

Ársreikningur

Lykiltölur.....	15
Efnahagur og sjóðsstreymi	20

Árið 2024

Árið 2024.....	27
----------------	----

Okkar Sýn

Stefna Sýnar 2025–2030	42
------------------------------	----

Sjálfbærni

Sjálfbærnistefna Sýnar	45
Heimsmarkmið	47
Samfélag	48
Mannauður og menning	51
Umhverfi.....	55
Tvöföld mikilvægisgreining	62
Flokkunarreglugerð	63
Birgjamat	65
Hagsmunaaðilar	66
Virðiskeðja	68
Áhættustjórnun.....	69
Sjálfbærniuppgjör	70
GRI tilvísunartafla	85

Sýn í hnotskurn

Ársreikningur

Árið 2024

Okkar Sýn

Sjálfbærni

01

Um Sýn

Sýn er leiðandi fyrirtæki á sviði fjarskipta, upplýsingatækni og fjölmiðlunar á Íslandi. Undir Sýn heyra vörumerkin Vodafone, Stöð 2, Vísir, Bylgjan, FM957, X-977, Stöð 2 Sport, Já, Bland og Endor. Hjá okkur starfar samheldinn hópur fólks sem leitast stöðugt við að veita viðskiptavinum okkar framúrskarandi þjónustu.

Saga Sýnar byggir á sögu frumkvöðla sem risu upp gegn einokun, buðu nýjar lausnir og ferska nálgun á þjónustu við viðskiptavini. Árið 1996 varð einkaaðilum fyrst heimilt að reka fjarskiptakerfi á Íslandi og í kjölfarið spruttu fram smærri fjarskiptafyrirtæki sem sköpuðu í fyrsta sinn samkeppni á íslenskum fjarskiptamarkaði. Árið 2004 sameinuðust nokkur þessara fyrirtækja undir vörumerkjum Vodafone sem hefur síðan verið einn öflugasti aðilinn á markaðnum.

Saga fjölmiðla Sýnar er sambærileg að mörgu leyti en árið 1986 urðu Stöð 2 og Bylgjan fyrstu einkareknu sjónvarps- og útvarpsstöðvar landsins. Tilkoma þeirra hristi upp í íslensku fjölmiðlaumhverfi sem hafði fram að því verið undir einokun Ríkisútvarpsins. Stöð 2, Bylgjan, og seinna vefmiðillinn Vísir og útvarpsstöðvarnar FM957 og X-977, komu inn á sjónarsviðið með nýja nálgun og djarfar breytingar sem hafa fylgt þjóðinni allar götur síðan. Í dag ná miðlar Sýnar til um 74% þjóðarinnar¹ á degi hverjum og eru orðnir órjúfanlegur hluti af þjóðarsálinni.

Við sameiningu Vodafone og fjölmiðlareksturs

¹ Heimild: Fjölmiðlamæling Gallup, 4. ársfjórðungur 2024

365 miðla árið 2017 varð til stærsta fjarskipta- og fjölmiðlafélag landsins undir merkjum Sýnar. Á síðustu árum hefur Sýn bætt við sig vörumerkjunum Endor, Já og Bland sem einnig voru fyrst til að bjóða ákveðnar lausnir til landsmanna. Frumkvöðlaandinn er þannig innbyggður í alla starfsemi Sýnar. Hann er það sem við viljum hlúa að og rækta enda nauðsynlegur til frekari vaxtar félagsins.

Árið 2024 hefur verið ár breytinga og nýrra áherslna í rekstri félagsins. Lögð hefur verið áhersla á að samþætta starfsemina með aukinni samvinnu, einfalda reksturinn til að ná fram skilvirkni og þar með lægri kostnaði en einnig á sjálfbærann vöxt til framtíðar.



Um
100.000
kennitölur
í viðskiptum með fjarskipti
og sjónvarp

Miðlar Sýnar ná
samanlagt til um
74%
þjóðarinnar
á degi hverjum*

48 5G sendar
fóru upp á árinu
Heildarfjöldi
180 í lok árs

SÝN

Vísir
er einn af tveimur
mest
lesnu
vefjum landsins

Meðal starfsaldur
7,8
ár

Bylgjan á
20 af 20 bestu
klukkutímum í útvarpi þrjár vikur í röð*
Útvarpsstöðvar Sýnar áttu
50 af 50 bestu
klukkutímum í útvarpi í viku 5*

52 af 100
stærstu fyrirtækjum
landsins eru í
viðskiptum með
fjarskipti

3,5%
aukning
í heimatengingum
milli ára

Auglýsingasala í sjónvarpi jókst um
40,9%
á árinu

Tekjur af auglýsingum
upp um
9,8%
á árinu

Aldrei fleiri í farsímaáskrift –
fjölgun um 5%
á milli ára

Óútskýrður launamunur mælist
0,7%
konum í vil
samkvæmt jafnlaunaúttekt 2024

Treystum grunninn

Ávarp stjórnarformanns og forstjóra

Árið 2024 var krefjandi fyrir Sýn en jafnframt lærdómsríkt og gefandi. Miklar breytingar urðu á rekstri félagsins og mikilvæg skref tekin í átt að því að byggja upp rekstrargrundvöll sem er sjálfbær og arðbær til framtíðar.

Undanfarin ár hefur félagið að ákveðnu leyti verið rekið sem safn sjálfstæðra eininga án samræmdrar stefnu og heildstæðrar nálgunar fyrir félagið. Þá hefur grunnstarfsemi fyrirtækisins ekki skilað áættanlegum hagnaði um langt skeið, sem ekki er sjálfbært til lengri tíma. Þetta kallaði á stefnu- og áherslubreytingar innan fyrirtækisins með það að markmiði að bæta afkomu á öllum sviðum.

Við tókum því meðvitaða ákvörðun um að horfa fyrst inn á við áður en við færum í frekari sókn. Við höfum gengið í gegnum umfangsmiklar breytingar og ráðið nýjan forstjóra, farið í stefnumótun, skipulagsbreytingar, skipað nýja framkvæmdastjórn og á sama tíma unnið markvisst að hagræðingu í rekstri. Þrátt fyrir einskiptis kostnaðarliði tengt framangreindu og minni eignfærslur launa náðum við markmiðum um kostnaðarhagræði í rekstri en tekjurnar voru þó ekki í samræmi við áætlanir okkar. Áherslur okkar voru sannarlega á varnarleiknum árið 2024, grunnstarfsemi félagsins, sem er að okkar mati

forsenda þess að geta spilað góðan sóknarleik árið 2025.

Ný stefnumótun, sem hefur verið unnin með breiðri þátttöku starfsfólks og stjórnenda, verður tekin til fullrar innleiðingar á næstu mánuðum. Með henni leggjum við skýrari línur um hvernig félagið ætlar að nýta þau tækifæri sem eru til staðar. Sérstaklega horfum við til vaxtartækifæra á fyrirtækjamarkaði með sameiningu Endor og Sýnar og með áframhaldandi sókn í hlutaneti sem gegnir lykilhlutverki í vexti og framleiðni fyrirtækja. Á einstaklingsmarkaði leikur endurkoma enska boltans lykilhlutverk á sama tíma og við leggjum áherslu á að bæta alla upplifun viðskiptavina Sýnar.

Við vitum að markaðurinn vill sjá árangur – ekki bara heyra um áætlanir. Þótt við höfum þurft að endurmeta spá okkar fyrir 2025 þá trúum við því að þær aðgerðir sem við höfum ráðist í muni skila betri afkomu og styrkja rekstrargrundvöll félagsins til framtíðar.

Óvissa um hvernig stjórnvöldum og aðilum vinnumarkaðarins tekst til við að ráða niðurlögum verðbólgu og lækka vexti eru áfram almennir óvissupættir í ytra umhverfi Sýnar jafnt sem annarra

fyrirtækja hér á landi. Hins vegar má gera ráð fyrir því að jákvæð merki um batnandi horfur á síðari hluta ársins 2024 skili sér í bættri stöðu fyrirtækja og heimila á árinu 2025. Þessu til viðbótar eru sértækir óvissupættir, sem bundnir eru við ytra umhverfi Sýnar og annarra einkarekinna fjarskipta- og fjölmiðlafyrirtækja.

Það skýtur til dæmis skökku við að á meðan ríkismiðillinn fjármagnar dagskrárgerð sína með u.þ.b. níu milljörðum á ári og fyrirhugar stórauknar auglýsingatekjur árið 2025, þvert á markmið þjónustusamnings við stjórnvöld, hafa stjórnvöld boðað lækkun styrkja til frjálsra fjölmiðla um tugi milljóna króna, í nafni aðhalds í rekstri. Skynsamlegast væri reyndar að fella niður alla styrki til einkarekinna fréttamiðla og samhliða því láta ríkismiðilinn aðlaga rekstur sinn að framlagi ríkisins og taka hann af auglýsingamarkaði. Að óbreyttu er ljóst að þrengt er svo verulega að einkareknum fjölmiðlum að lýðræðislegri umræðu stendur ógn af.

Þrátt fyrir miklar áskoranir hefur rík samstaða og traust gert okkur kleift að snúa vörn í sókn og skapa forsendur fyrir arðbæran og öflugan rekstur til

lengri tíma. Við erum því einkar stolt af því hvernig starfsmenn, stjórnendur og stjórn félagsins hafa staðið saman á þessum umbreytingatímum.

Við nálgumst verkefni næstu ára með metnaði og vissu um að árangur muni skila sér til hluthafa, viðskiptavina og samfélagsins í heild. Aðaláherslur okkar snúa að áframhaldandi lækkun rekstrarkostnaðar, eflingu mannauðs og ekki síst að því að bæta upplifun viðskiptavina.

Mannauður er ein dýrmætasta auðlind félagsins. Með því að efla starfsmannahald, tryggja betra upplýsingaflæði og skapa umhverfi sem stuðlar að fyrir frumkvæði og nýsköpun, treystum við grunnstoðirnar sem munu styðja áframhaldandi vöxt fyrirtækisins. Samvinna, skilvirkni og vöxtur eru leiðarljósín í okkar nýju stefnu.

Við þökkum viðskiptavinum og starfsfólki fyrir samstarfið á árinu.

Herdís Dröfn Fjeldsted og Hákon Stefánsson
Forstjóri Sýnar og stjórnarformaður Sýnar



Stjórnarhættir

Með yfirlýsingu þessari um stjórnarhætti Sýnar hf. (hér eftir Sýn) er félagið að fylgja þeim viðurkenndu leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja sem gefnar eru út af Viðskiptaráði Íslands í samstarfi við Samtök atvinnulífsins og Nasdaq Iceland (6. útgáfa leiðbeininganna frá 2. febrúar 2021), með það að markmiði að styrkja innviði Sýnar hf. og auka gagnsæi.

Lög og reglur

Stjórnarhættir Sýnar taka mið af lögum nr. 2/1995 um hlutafélög, lögum nr. 3/2006 um ársreikninga, lögum nr. 60/2021 um aðgerðir gegn markaðssvikum, lögum nr. 70/2022 um fjarskipti, lögum nr. 38/2011 um fjölmiðla og öðrum almennum lögum sem gilda um starfsemina, reglum um útgefendur fjármálagerninga, samþykktum félagsins, starfsreglum stjórnar og einstakra undirnefnda stjórnar. Lögin má nálgast á vef Alþingis, www.althingi.is, en samþykktir og reglur félagsins á www.syn.is.

Félagið er vottað fyrirmyndarfyrirtæki í góðum stjórnarháttum og fylgir leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja sem hægt er að nálgast á slóðinni www.leidbeiningar.is. Sýn hefur einnig fengið vottað og staðfest að stjórnkerfi fyrirtækisins fyrir upplýsingaöryggi samræmist alþjóðlega upplýsingaöryggisstaðlinum

ISO 27001 og íslenska jafnlaunastaðlinum ÍST 85. Fyrirtækið hefur fengið Hvatningarverðlaun jafnréttismála og í lok árs 2024 hlaut félagið viðurkenningu Jafnvægisvogarinnar en markmiði hennar er að auka jafnvægi kynjanna í efstu lögum skipulagsheilda.

Stjórn Sýnar 2024

Í stjórn Sýnar sitja öllu jöfnu fimm aðalmenn og tveir varamenn og eru þeir allir kosnir á aðalfundi félagsins til eins árs í senn. Forstjóri situr stjórnarfundum, auk lögmanns félagsins sem er ritari stjórnar. Þá er framkvæmdastjóri fjármálasviðs reglulegur þátttakandi á stjórnarfundum. Stjórn félagsins ásamt forstjóra fer með æðsta vald í málefnum félagsins milli hluthafafunda og ber meginábyrgð á rekstri þess. Stjórnin hefur lögbundnu hlutverki að gegna sem henni ber sjálfri að annast nema heimild sé veitt í lögum til að framselja valdið með umboði.

Á árinu 2024 voru bókaðir 22 formlegir stjórnarfundir. Góð mæting stjórnarmanna var á stjórnarfundum og var stjórn ákvörðunarbær á öllum fundum ársins. Sama gildir almennt um mætingu og ákvörðunar bæni á fundum undirnefnda stjórnar.

Á aðalfundi þann 11. apríl 2024 var kosið í aðal- og varastjórn félagsins. Á fundinum voru þau Hákon Stefánsson, Páll Gíslason, Petrea Ingileif Guðmundsóttir, Ragnar Páll Dyer og Rannveig Eir Einarsdóttir kjörin í stjórn félagsins. Daði Kristjánsson og Ingibjörg Ásdís Ragnarsdóttir voru kjörin varamenn.

Í árslok 2024 var stjórn Sýnar skipuð eftirfarandi aðilum:



Hákon Stefánsson er fæddur árið 1972. Hann lauk embættisprófi í lögfræði frá Háskóla Íslands 1998 og er með réttindi til málflutnings fyrir Landsrétti. Hann hefur frá árinu 2019 starfað sem forstjóri InfoCapital ehf. Áður var hann meðeigandi Lögmannna Mörkinni 2018–2019. Þá gegndi hann ýmsum störfum á árunum

2006–2018 fyrir Creditinfo Group, svo sem starfi framkvæmdastjóra á Íslandi, framkvæmdastjóra lögfræðisviðs og alþjóðamarkaða, sem og starfi aðstoðarforstjóra. Hann átti sæti í framkvæmdastjórn Intrum Justitia á árunum 2002–2006, var bæjarlögmaður á Akureyri 2000–2002 og starfaði sem löglærður fulltrúi á Lögfræðistofu Reykjavíkur 1998–2000. Hákon situr og hefur setið í stjórnnum fjölmargra innlendra og erlenda fyrirtækja auk þess að sitja í stjórnnum opinberra stofnana og fyrirtækja. Félög tengd Hákon, þ.e. Íslex ehf., InfoCapital ehf. og Gavia Invest ehf., fara með 59.147.128 hluti í Sýn.



Rannveig Eir Einarsdóttir er varaformaður stjórnar, fædd árið 1965. Hún er með MBA gráðu frá Háskóla Íslands. Rannveig er forstjóri Reir Verk ehf., þróunar- og byggingafélags. Frá árinu 2016 hefur Rannveig starfað á sviði fasteignapróunar og byggingarstarfsemi, sem forstjóri og meðeigandi að Reir Verk ehf. Hún tók þátt í

byggingu og stofnun Sandhótelis við Laugaveg sem nú er rekið af KEA hotels. Rannveig var stjórnarmaður í félaginu Heimavöllum hf. árin 2019 og 2020. Áður starfaði hún sem stjórnandi hjá Icelandair frá árinu 2000 til ársins 2016 á sviði mannauðsmála og sem forstöðumaður flugþjónustudeildar Icelandair. Undanfarin fimm ár, eða frá árinu 2017, hefur Rannveig verið í stjórn Ölgerðarinnar og er enn stjórnarmaður í því félagi. Rannveig fer með 20.650.000 hluti í Sýn gegnum Reir ehf.



Páll Gíslason er fæddur árið 1976. Hann er rafmagns- og tölvuverkfræðingur sem hefur á rúmlega tuttugu ára ferli starfað við nýsköpun á ýmsum sviðum tækni og vísinda. Páll hefur undanfarin 15 ár starfað að mestu á alþjóðlegum fjármálamörkuðum, lengst af sem meðstofnandi og

forstjóri World Financial Desk (WFD) í Bandaríkjunum. WFD var um tíma með stærri viðskiptavökum á rafrænum mörkuðum með bandarísk ríkisskuldabréf og vaxtaafleiður víða um heim. Páll starfaði sem sjóðsstjóri hjá Crabel Capital Management í Los Angeles, í kjölfar sölu WFD til Crabel, og síðar sem forstöðumaður markaðssviðskipta hjá Jiko sem er bandarískur fjártæknibanki. Páll á ekki eignarhlut í félaginu.



Petrea Ingileif er fædd árið 1974. Hún á að baki langa reynslu sem stjórnandi og sérfræðingur hjá fjarskipta- og afþreyingarfyrirtækjum, starfaði m.a. sem framkvæmdastjóri sölu-, þjónustu- og markaðssviðs 365 árin 2014 til 2016 og sem forstjóri Tals 2013 til 2014. Hún starfaði einnig sem framkvæmdastjóri

markaðssviðs Símans og markaðsstjóri Símans og Skjás Eins. Petrea Ingileif hefur lokið BS prófi í viðskiptafræði frá Háskóla Íslands. Petrea Ingileif situr í dag í stjórnnum Ósa, Icepharma, Daga og Allianz á Íslandi ásamt því að sinna ráðgjafastörfum. Petrea sat í stjórn Sýnar frá árinu 2020 til 2022, sem varaformaður stjórnar frá árinu 2021 til 2022 og formaður stjórnar frá ágúst til október árið 2022. Petrea var formaður stjórnar Símafélagsins frá árinu 2017 til 2018, fram að því að félagið var selt til Nova. Petrea sat í stjórn Terra frá árinu 2017 til 2024. Petrea Ingileif á ekki eignarhlut í félaginu.



Ragnar Páll Dyer er fæddur árið 1977. Hann lauk Stanford Executive Program frá Stanford Háskóla 2019 og BSc gráðu í rekstrarverkfræði með áherslu á fjármál frá Háskólanum í Reykjavík 2008. Hann hefur frá 2023 starfað sem framkvæmdastjóri hjá InfoCapital ehf. en áður starfaði Ragnar í 16 ár á fjármálamarkaði

innan Kviku samstæðunnar nú seinast sem framkvæmdastjóri fjármálasviðs og stjórnarmaður í TM Tryggingum hf. og Kviku Securities í London. Þar áður starfaði Ragnar við upplýsingatækni sem stjórnarmaður í dótturfélögum og framkvæmdastjóri upplýsingatæknisviðs Creditinfo Group og sem deildarstjóri vefþróunar hjá Símanum. Ragnar situr og hefur setið í stjórnnum fjölmargra fyrirtækja bæði á Íslandi og erlendis. Félög tengd Ragnar, þ.e. InfoCapital ehf., Gavia Invest ehf. og H33 Invest ehf. fara með 56.147.128 hluti í Sýn.

Allir stjórnarmenn félagsins teljast vera óháðir félaginu, viðskiptaaðilum, og samkeppnisaðilum. Þau Hákon Stefánsson, Ragnar Páll Dyer og Rannveig Eir Einarsdóttir teljast háð stórum hluthöfum félagsins í skilningi leiðbeininga um góða stjórnarhætti.

Varamenn stjórnar eru þau **Daði Kristjánsson** og **Ingibjörg Ásdís Ragnarsdóttir**.

Helstu hlutverk stjórnar:

- Meginhlutverk stjórnar Sýnar er að marka félaginu stefnu og hafa eftirlit með framkvæmd hennar. Kjarni stefnunnar er að hagsmunir viðskiptavina, eigenda og starfsmanna séu hafðir að leiðarljósi. Áhersla er lögð á traustan og arðbæran rekstur og að rekstraráhætta sé lágmörkuð.
- Gæta þess að starfsemi félagsins sé í samræmi við tilgang þess samkvæmt samþykktum og markaðri stefnu.
- Taka ákvarðanir í málum sem telja verður óvenjuleg eða mikilsháttar.
- Gæta þess að skipulag félagsins og starfsemi sé jafnan í góðu horfi, t.d. hvað varðar reikningsskil, innra eftirlit og fjárhagsáætlanir.
- Sjá til þess að nægilegt eftirlit sé haft með reikningshaldi og meðferð fjármuna félagsins.
- Ráða forstjóra og eftir atvikum veita honum lausn.

Starfsreglur stjórnar

Núgildandi starfsreglur stjórnar voru samþykktar af stjórn þann 7. maí 2024. Starfsreglur stjórnar eru aðgengilegar á vefsíðu félagsins, <https://syn.is/fyrirtaekid/stjorn>. Starfsreglurnar samræmast leiðbeiningum um góða stjórnarhætti.

Árangursmat stjórnar

Stjórn félagsins framkvæmdi formlegt árangursmat þann 23. janúar 2025. Helstu þættir sem lagt var mat á voru:

- Störf stjórnar, verklag og starfshættir.
- Virkni stjórnar.
- Frammistaða stjórnarformanns og forstjóra.
- Undirnefndir stjórnar.
- Þróun félagsins.

Undirnefndir stjórnar

Í endurskoðunarnefnd Sýnar sitja allt að þrír nefndarmenn skipaðir af stjórn félagsins til eins árs í senn. Nefndin hefur sett sér starfsreglur sem yfirfarnar eru og bornar upp til staðfestingar í stjórn árlega, síðast 7. maí 2024. Nefndin skal m.a. hafa eftirfarandi hlutverk án tillits til ábyrgðar stjórnar, stjórnenda eða annarra á þessu sviði:

1. Eftirlit með vinnuferli við gerð reikningsskila.
2. Eftirlit með fyrirkomulagi og virkni innra eftirlits félagsins, áhættustýringu og öðrum eftirlitsaðgerðum er varðar fjármál ásamt því að fylgja eftir úrbótum vegna annmarka sem fram koma.
3. Hafa eftirlit með og yfirfara endurskoðun ársreikninga, samstæðureikninga og annarra

fjárhagsupplýsinga félagsins.

4. Mat á óhæði ytri endurskoðenda og eftirlit með öðrum störfum ytri endurskoðenda.

5. Setja fram tillögu til stjórnar um val á ytri endurskoðendum.

Endurskoðunarnefnd yfirfer einnig stjórnarháttayfirlýsingu félagsins ár hvert. Endurskoðunarnefnd skal skila skýrslu um störf sín til stjórnar árlega.

Við árslok 2024 voru í endurskoðunarnefnd Sýnar Erik Ingvar Bjarnason, formaður, Ragnar Páll Dyer og Páll Gíslason. Nefndin fundaði reglubundið á árinu í tengslum við árs- og árshlutareikninga. Allir nefndarmenn eru óháðir endurskoðendum Sýnar og daglegum stjórnendum og stórum hluthöfum. Hákon Stefánsson telst háður stórum hluthöfum í skilningi leiðbeininga um góða stjórnarhætti.

Í starfskjaranefnd Sýnar sitja allt að þrír nefndarmenn og eru skipaðir af stjórn félagsins til eins árs í senn. Starfskjaranefnd hefur sett sér starfsreglur. Starfskjaranefnd útbýr starfskjarastefnu Sýnar. Hlutverk nefndarinnar er að öðru leyti m.a. að undirbúa tillögur til stjórnar varðandi laun og aðrar greiðslur til forstjóra og annarra æðstu stjórnenda og lykilstjórnenda félagsins, svo og stjórnarmanna þess. Nefndinni er ætlað að tryggja að laun og önnur starfskjör séu í samræmi við lög, reglur og bestu framkvæmd hverju sinni. Þá er henni ætlað að taka sjálfstæða afstöðu til áhrifa launa á

áhættutöku og áhættustýringu félagsins í samráði við endurskoðunarnefnd félagsins.

Við árslok 2024 var starfskjaranefnd Sýnar skipuð þeim Hákon Stefánssyni og Petreu Ingileifu Guðmundsdóttur. Starfskjaranefnd félagsins leggur áherslu á að gagnsæi ríki um starfskjör hjá félaginu gagnvart hluthöfum þess og hefur fylgst með óskum hluthafa um aukið gagnsæi og unnið í því að bæta upplýsingar bæði í ársreikningi og í skýrslu starfskjaranefndar. Starfskjaranefnd fundaði með óreglubundnum hætti á árinu 2024. Petrea telst óháð félaginu og stórum hluthöfum en Hákon telst háður stórum hluthöfum í skilningi leiðbeininga um góða stjórnarhætti.

Tilnefningarnefnd Sýnar hefur sett sér starfsreglur sem voru síðast staðfestar á fundi stjórnar Sýnar 12 mars 2024. Voru reglurnar jafnframt bornar upp og staðfestar á aðalfundi félagsins þann 11. apríl 2024. Ákveðið var að gera tillögu að breytingu á skipan tilnefningarnefndar þannig að héðan í frá verði stjórnarmaður ekki nefndarmaður í tilnefningarnefnd. Þess í stað skipi stjórn tengilið úr sínum röðum við tilnefningarnefnd í því skyni að tengsl stjórnar og tilnefningarnefndar rofni ekki. Hina tvo nefndarmennina skuli hluthafafundur Sýnar kjósa ef stjórnarkjör er á dagskrá. Á aðalfundi félagsins var þetta breytta fyrirkomulag staðfest og fram fór kjör tveggja nefndarmanna í samræmi við starfsreglurnar, en leiðbeiningar um stjórnarhætti fyrirtækja sem gefnar eru út af Viðskiptaráði Íslands í samstarfi við Samtök atvinnulífsins og Nasdaq Iceland, geyma tilmæli um starfsemi

tilnefningarnefnda.

Tilnefningarnefnd er ætlað að auka líkur á því að stjórn félagsins endurspegli fjölbreytni og breidd í hæfni, reynslu og þekkingu stjórnarmanna félagsins sem og að tryggja aukið gagnsæi í málefnum varðandi tilnefningu stjórnarmanna.

Við árslok 2024 var tilnefningarnefnd Sýnar skipuð Presti Olaf Sigurjónssyni, formanni nefndarinnar og Guðríði Sigurðardóttir. Rannveig Eir Einarsdóttir er tengiliður stjórnar við tilnefningarnefnd. Eru þau öll óháð félaginu og daglegum stjórnendum þess en Rannveig telst háð stórum hluthafa. Tilnefningarnefnd hélt fjölda funda á starfsárinu, einkum með hluthöfum en jafnframt með stjórnendum félagsins.

Starfsreglur undirnefnda eru aðgengilegar á vefsíðu félagsins, www.syn.is. Jafnframt er að finna upplýsingar um skipan og hlutverk undirnefnda á vefsíðu félagsins.



Forstjóri Sýnar

Forstjóraskipti urðu á árinu. Páll Ásgrímsson gegndi tímabundið starfi forstjóra þar til um miðjan janúar 2024 þegar Herdís Dröfn Fjeldsted tók til starfa í kjölfar ráðningarferlis.

Framkvæmdastjórn Sýnar 2024

Forstjóri og framkvæmdastjórar mynda framkvæmdastjórn félagsins og ber hún ábyrgð á daglegum rekstri þess og fylgni við rekstraráætlanir. Framkvæmdastjórn hittist einu sinni í viku og oftast ef þurfa þykir.


Við árslok 2024 voru framkvæmdastjórar þessir:

Eðvald Ingi Gíslason, framkvæmdastjóri Fjármála, Páll Ásgrímsson, Aðallögfræðingur, Gunnar Guðjónsson, framkvæmdastjóri Sölu og þjónustu, Gunnar Sigurjónsson, framkvæmdastjóri Upplýsingatækni, Guðmundur Halldór Björnsson, framkvæmdastjóri Upplifunar viðskiptavina, Sigurbjörn Eiríksson, framkvæmdastjóri Innviða, Kristjana Thors Brynjólfsdóttir, framkvæmdastjóri Miðla og efnisveitna og Valdís Arnórsdóttir, framkvæmdastjóri Mannauðs.



Frá vinstri: Gunnar Guðjónsson, Sigurbjörn Eiríksson, Páll Ásgrímsson, Herdís Dröfn Fjeldsted, Valdís Arnórsdóttir, Guðmundur Halldór Björnsson, Gunnar Sigurjónsson og Eðvald Ingi Gíslason. Á myndina vantar Kristjönu Thors Brynjólfsdóttur.

Skipurit og skipulag



Nýtt stjórnskipulag Sýnar tók gildi í lok árs. Því er ætlað að endurspegla og styðja við stefnu félagsins og efla þar með samvinnu, auka skilvirkni, stytta boðleiðir, skýra ábyrgð og færa viðskiptavininn inn að kjarna starfseminnar.

Þetta þýðir meðal annars að deildir sem fást við svipuð verkefni hafa verið færðar undir sama hatt. Þetta á við um nýtt svið Sölu og þjónustu þar sem allar tekjueiningar félagsins hafa verið sameinaðar en einnig um nýtt svið Miðla og efnisveitna þar sem allir miðlar félagsins hafa verið færðir saman. Í öðrum tilfellum hafa deildir fengið aukið vægi með því að vera færðar til og gerðar að sjálfstæðum sviðum.

Upplifun viðskiptavina er dæmi um slíkt en það er liður í því að leggja áherslu á upplifun og þarfir viðskiptavina í hvívetna. Unnið er að því að sameina dótturfélögin Já og Endor inn í móðurfélagið og er það liður í að efla samvinnu innan félagsins og minnka yfirbyggingu.

Í nýju stjórnskipulagi er Sýn skipt upp í sjö svið; Fjármál, Mannauð, Miðla og efnisveitur, Upplifun viðskiptavina, Sölu og þjónustu, Innviði og Upplýsingatækni. Auk þess heyrir Lögfræði og regluvarsla beint undir forstjóra.

Gengi á markaði

Velta með hlutabréf félagsins árið 2024 nam rúmlega 9,4 milljörðum króna í alls 1.584 viðskiptum. Mest var veltan í mars en heildarvelta þess mánaðar nam tæplega 1,2 milljarði króna. Hluthafar í árslok 2024 voru 380 samanborið við 367 í lok árs 2023. Gengi félagsins fór úr 47,5 í lok árs 2023 í 32,2 í lok árs 2024 sem er 32,2% lækkun milli ára.

Útgefið hlutafé félagsins í árslok 2024 nam 2.476 m. kr. Hver hlutur er 10 krónur að nafnverði. Þann 16. febrúar 2024 lauk endurkaupaáætlun sem hafði verið í gangi frá 9. nóvember 2023. Félagið keypti 3.352.794 hluti fyrir 153,1 m. kr. og átti þá sem nemur 1,34% af útgefnum hlutum í félaginu. Á aðalfundi félagsins þann 11. apríl var samþykkt tillaga stjórnar um að lækka hlutafé í samræmi við fjölda eigin hluta. Lækkunin var framkvæmd þann 13. maí og eru útgefnir hlutir í félaginu 247.648.960 eftir lækkunina.

	Nr.	Heiti	Hlutafjárstaða	% Hlutfall m.v. lok dags. afm
1	4305221320	Gaia Invest ehf.	45.147.128	18,23%
2	5611952779	Gildi – lífeyrissjóður	39.490.655	15,95%
3	5503050380	Reir ehf.	20.650.000	8,34%
4	5810080150	Arion banki hf.	15.605.216	6,3%
5	4302694459	Lífeyrissjóður verzlunarmanna	13.822.485	5,58%
6	5501973409	Lífeyrissj. starfsm.rík. A-deild	13.678.286	5,52%
7	4910080160	Íslandsbanki hf.	12.874.064	5,2%
8	6812091660	InfoCapital ehf.	10.000.000	4,04%
9	7108160930	Arcus Invest ehf.	9.450.000	3,82%
10	4302690389	Birta lífeyrissjóður	9.408.069	3,8%

Vottanir

Sýn leggur ofuráherslu á öryggismál og fagleg vinnubrögð í starfsemi félagsins. Í byrjun maí 2024 staðfestu úttektaraðilar og mæltu með endurnýjun á vottun í samræmi við alþjóðastaðalinn ISO27001:2013, stjórnkerfi um upplýsingaöryggi. ISO27001 vottunin er trygging fyrir því að unnið sé í samræmi við kröfur staðalsins og að hjá Sýn sé starfrækt virkt stjórnkerfi til að tryggja öryggi upplýsinga með skýrum ferlum, áhættustýringu og stöðugu eftirliti.

Í lok maí 2024 var framkvæmd úttekt á jafnlaunakerfi Sýnar og mæltu vottunaraðila með því að Sýn fengið áframhaldandi vottun samkvæmt staðlinum ÍST 85:2012, um jafnlaunakerfi. Vottunin staðfestir að hjá Sýn er starfrækt jafnlaunakerfi sem stenst kröfur staðalsins og laga nr. 50/2020 um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna.

Sýn leggur áherslu á að vera til fyrirmyndar í vinnuverndarmálum og einsetur sér að vernda starfsfólk, verktaka og aðra þá sem starfa fyrir félagið og skapa slysalaus vinnuaðstöðu. Sýn hefur innleitt verklag í samræmi við alþjóðlega staðalinn ISO45001:2018, stjórnkerfi um heilbrigði og öryggi á vinnustað.

Sýn hefur komið upp virku stjórnkerfi sem inniheldur ferla og skipulag í samræmi við staðlana og þau lög og reglur sem gilda um félagið. Kerfið tryggir að unnið sé faglega í samræmi við þekkta ferla og skipulag sem styður við markmið Sýnar um öryggi,

heilbrigði og vinnuumhverfi á vinnustöðum starfsfólks, verktaka eða þriðju aðila sem vinna fyrir félagið.



02

Sýn í hnotskurn

Ársreikningur

Árið 2024

Okkar Sýn

Sjálfbærni

Lykiltölur

4.789

EBITDA (m. kr.)

21.647

Heildartekjur (m. kr.)

3.937

Fjárfestingar (m. kr.)


22.1%

EBITDA hlutfall


739

EBIT (m. kr.)


Heildartekjur




Skipting tekjustrauma



EBITDA



EBIT




Efnahagur og sjóðsstreymi

Fastafjármunir lækka um 1.724 m.kr. á milli ára.
Leigueignir lækka um 696 m.kr. Veltufjármunir lækka um 2.161 m.kr. á milli ára sem skýrist af 2.000 m.kr. kröfu á Ljósleiðarann vegna sölu á stofnneti í árslok 2023. Eiginfjárhlutfall samstæðunnar var 27,9% í árslok samanborið við 29,4% árið áður.
Langtímaskuldir lækka um 837 m.kr. á milli ára.
Leiguskuldbindingar í heild lækka um 723 m.kr., vegna sölu á hluta starfsemi Endor ehf. Vaxtaberandi langtímaskuldir lækka um 335 m.kr. á milli ára og skammtímaskuldir lækka um 1.515 m.kr.




Heildareignir og veltufjárhlutfall

Heildareignir samstæðunnar námu 31.050 m.kr. í árslok og lækkuðu um 11,1% á milli ára. Lækkunin á milli ára skýrist einkum af kröfu vegna sölu á stofnneti árið 2023.




Eigið fé og eiginfjárlutfall

Í lok ársins 2024 var eigið fé 8.652 m.kr. og eiginfjárlutfall 27,9%. Útistandandi hlutafé í lok tímabilsins nam 2.476 m.kr. samanborið við 2.493 m.kr. í árslok 2023.




Hreinar vaxtaberandi skuldir/EBITDA

Hreinar vaxtaberandi skuldir námu 18.374 m.kr. í árslok 2024 og var hlutfall þeirra á móti EBITDA hagnaði 3,78 leiðrétt fyrir aflagðri starfsemi, virðisrýrnun og sölu innviða.




Fjárfestingar

Rekstrarfjárfestingar námu 1.729 m.kr. á árinu 2024 og lækkuðu um 36,6% á árinu sem skýrist að mestu af fjárfestingum í innri kerfum og endurnýjun á tíðniheimildum sem gerðar voru árið 2023.



Frjálst fjárflæði

Frjálst fjárflæði félagsins á árinu 2024 var 1.584 m.kr. samanborið við 1.002 m.kr. árið 2023.



Sýn í hnotskurn

Ársreikningur

Árið 2024

Okkar Sýn

Sjálfbærni

03

Árið 2024

Sýn gegnir mikilvægu hlutverki í íslensku samfélagi. Frá upphafi höfum við lagt ríka áherslu á að taka virkan þátt í samfélaginu og leggja okkar af mörkum.

Í hjarta allrar okkar starfsemi er viðskiptavinurinn í fyrirrúmi og árið 2024 var engin undantekning þar á. Í þessari yfirferð munum við skoða það sem stóð upp úr á árinu hjá Sýn.

Nýtt ár, ný framtíðarsýn

Í byrjun árs tók Herdís Dröfn Fjeldsted við sem forstjóri Sýnar. Herdís er fyrsti kvenforstjóri félagsins og hefur margra ára reynslu úr íslensku viðskiptalífi. Herdís lagði frá upphafi áherslu á að marka nýja stefnu félagsins í þéttnu samstarfi við starfsfólk og var ný framtíðarsýn og stefna til næstu ára kynnt á markaðsdegi Sýnar í nóvember.

Stuðningur Sýnar á Reykjanesi

Árið einkenndist af náttúruhamförum, þar á meðal tíðum eldgosum á Reykjanesi. Sýn tryggði örugg fjarskipti á svæðinu á meðan gosin stóðu yfir og fluttu landsmönnum áreiðanlegar fréttir af hamförunum í rauntíma.



Starfsánægja í fyrsta sætið

Hjá Sýn starfa yfir 400 manns í fjölbreyttum verkefnum sem saman mynda sterka liðsheild. Markmið okkar er að skapa vinnuumhverfi þar sem starfsfólki líður vel, fær tækifæri til að vaxa og ná árangri í sínu starfi. Í ár lögðum við sérstaka áherslu á starfsánægju en við innleiddum reglulega starfsánægjukönnun til að mæla og bæta upplifun starfsfólks okkar. Með því að hlusta á okkar fólk og grípa til aðgerða byggjum við upp jákvæða vinnustaðarmenningu sem endurspeglast í

frammistöðu okkar. Stjórn félagsins samþykkti einnig stórbætt starfskjör til starfsfólks á árinu auk þess að öllu starfsfólki buðust kaupréttir í félaginu.

Verðlaunablaðamennska

Fjórir blaðamenn fréttastofu Vísis, Stöðvar 2 og Bylgjunnar hlutu tilnefningu til blaðamannaverðlauna fyrir árið 2023 og hlaut Heimir Már verðlaunin fyrir umfjallanir sínar um kjaramál og þá ekki síst fyrir að höggva í erfiðan kjarahnút í beinni útsendingu í Pallborðinu.



Hlustendaverðlaunin á sínum stað


Hlustendaverðlaun Bylgjunnar, FM957 og X977 fóru fram í Gamla Bíó og í beinu streymi á Vísi.is þar sem margt af fremsta tónlistarfólki landsins steig á stökk.



Verðlaunahátíðin er einstök, og mætti í raun kalla lýðræðisveislu, því þarna eru hlustendur í fyrirrúmi og fá tækifæri til að heiðra sitt uppáhalds tónlistarfólk.

Hlíðarfjall málað rautt

Í febrúar stóð Vodafone fyrir einstakri upplifun þegar Hlíðarfjall var málað rautt. Markmiðið var að skapa ógleymanlegan dag fyrir skíða- og snjóbreitaiðkendur og fjölskyldur á Akureyri, þar sem gleði og skemmtun réði ríkjum á einu vinsælasta skíðasvæði landsins. Vodafone bauð öllum gestum ókeypis aðgang að skíðasvæðinu og skipulagði fjölbreytta dagskrá sem vakti mikla lukku. Viðburðurinn innihélt háhraða-braut með hraðamælingum fyrir ævintýragjarna gesti og rassapotukeppni sem sló í gegn hjá börnum og fullorðnum. Að lokum voru haldnir tónleikar með hljómsveitinni FLOTT á toppi Hlíðarfjalls sem setti punktinn yfir i-ið.




Kvöldfréttir Stöðvar 2 fyrir alla landsmenn

Á árinu tókum við stórt skref í átt að aðgengilegri fréttaplutningi með því að opna kvöldfréttir Stöðvar 2 fyrir öllum landsmönnum. Með þessu viljum við tryggja að fólk hafi greiðan aðgang að fjölbreyttum fréttum og fái upplýsingar frá einni fremstu fréttastofu landsins.



Viðskiptavinadrifin þjónusta

Við spurðum viðskiptavini í fyrirtækjapjónustu Vodafone hvað skiptir þá mestu máli við val á fjarskiptafyrirtæki og nýttum svör þeirra sem drifkraft inn í nýja markaðsherferð. Viðskiptavinadrifin þjónusta skiptir okkur öllu máli og við leggjum okkur fram við að hlusta og bregðast við. Mörg af stærstu fyrirtækjum og viðbragðsaðilum landsins treysta okkur fyrir sínum fjarskiptum og finnum við sannarlega til ábyrgðar að veita þeim framúrskarandi þjónustu og mæta þeirra þörfum.



Vefmiðlar og útvarp eru hluti af Sýn

Stjórn Sýnar tók ákvörðun á fyrri hluta ársins að hætta frekari skoðun á framtíðareignarhaldi vefmiðla og útvarps Sýnar sem hafði verið til skoðunar um nokkurt skeið. Ákvörðunin var tekin samhliða nýjum áherslum stjórnar og forstjóra sem telja mikil verðmæti falin í framtíðartækifærum eininganna.

Vandað barnaefni

Við leggjum metnað í að bjóða ungum áhorfendum vandað og fjölbreytt barnaefni sem bæði fræðir og skemmtir. Á verðlaunahátíð barna, Sögur, hlutu Skoppa og Skríttla heiðursverðlaun fyrir framlag þeirra til íslensks barnaefnis – viðurkenningu sem var svo sannarlega verðskulduð en Skoppa og Skríttla hafa átt heima á Stöð 2 frá upphafi og verið fastagestir á heimilum íslenskra barna í áraraðir. Þá var þátturinn Kókukast einnig valinn besta barna- og unglingaefni ársins.




Já.is hjálpar landsmönnum að finna góða veðrið

Á árinu kynntum við nýjung á vef Já.is en hún gerir notendum kleift að velja nákvæma staðsetningu á korti og sjá veðurspá næstu daga í rauntíma. Kortavefur Já.is fór í loftið árið 2013 og hefur síðan þá verið þróaður með hjálp notenda og viðskiptavina. Mánaðarlegir notendur kortavefsins eru í kringum 130.000 og inniheldur vefurinn einnig vegvísun fyrir akandi, hjólandi og gangandi vegfarendur ásamt 360°götumyndum.

Sýn selur hluta af starfsemi Endor

Sýn seldi hluta af starfsemi Endor ehf. til Hexatronic. Viðskiptin snertu aðallega alþjóðlega starfsemi Endor og stærri innlenda viðskiptavinum sem nýta sér sérhæfðar miðlægar gagnaveralausnir. Innlendir viðskiptavinir Endor verða því að mestu leyti áfram þjónustaðir af Endor. Við erum sannfærð um að framtíðarsamvinna með Hexatronic muni enn frekar styrkja lausnaframboð Endor fyrir viðskiptavinum þess.



Útvarpsstjörnur á ferð og flugi um landið

Bylgjan var björt og brosandi að vanda yfir sumarmánuðina með Bylgjulestina í fararbroddi sem þaut um landsbyggðina í júní og júlí. Bylgjulestin er orðin ómissandi hluti af íslenska sumrinu þar sem Bylgjan er í beinni útsendingu víða um land með

glaðninga og gleði fyrir hlustendur.

Leikið um landið er ekki síður skemmtilegur viðburður fyrir hlustendur og fylgjendur Bylgjunnar, FM957 og X977 á samfélagsmiðlum. Í leiknum keppa stöðvarnar innbyrðis í þrautabraut hringinn í kringum landið og sent var út í beinni á öllum stöðvum.



Enski boltinn snýr aftur heim

Sýn tryggði sér sýningarréttinn að ensku úrvalsdeildinni tímabilin 2025/26, 2026/2027 og 2027/28. Stöð 2 Sport hefur verið heimili enska boltans frá árinu 1997, með örfáum undantekningum. Það er sérstaklega mikið ánægjuefni að hann snúi aftur heim í haust. Íslenskir neytendur munu þar með geta nálgast allt vinsælasta íþróttaefni sem boðið er upp á í íslensku sjónvarpi á einum stað.



Litríkasta hlaup ársins á sínum stað

Vodafone var stoltur bakhjarl Color Run líkt og undanfarin ár, en þúsundir litríkra hlaupara lögðu leið sína í Laugardalinn til að taka þátt í gleðinni. Vodafone skapaði ógleymanlega stemningu bæði fyrir og eftir hlaupið með fjölbreyttum viðburðum, þar á meðal rauðu litatrampólíni, lukkuhjóli og skemmtilegum glaðningum fyrir gesti.



Fréttastofa á kosningavakt

Fréttastofa Stöðvar 2, Vísis og Bylgjunnar stóð í ströngu við kosningaumfjöllun á árinu; fyrst forsetakosningar í júní og svo óvæntar Alþingiskosningar í nóvember. Starfsfólk fréttastofunnar hrissti fram úr erminni faglega og skemmtilega kosningaumfjöllun á met tíma á sama tíma og forsetakosningum í Bandaríkjunum voru gerð góð skil.



Bylgjan svarar kalli country aðdáenda

Í júní var sett í loftið ný útvarpsstöð, Country Bylgjan, til þess að svara kalli hlustenda eftir meiri country tónlist! Flóra útvarpsstöðva Sýnar hefur því stækkað enn meira og telur nú sex stöðvar sem sendar eru út á FM ásamt tveimur til viðbótar á netstreymi.



Menningarnætturtónleikar Bylgjunnar

Stærsti viðburður Bylgjunnar ár hvert er án efa Menningarnætturtónleikarnir í Hljómskálagarðinum. Tónleikarnir í ár voru sannkölluð tónlistarveisla þar sem tónlistarfólk á borð við Rögggu Gísla, GDRN, Emmsjé Gauta og fleiri tróðu upp. Tónleikarnir voru í opinni dagskrá á Stöð 2 og í beinu streymi á Vísi, þannig að allir landsmenn gátu notið hátíðarinnar.



Saman gegn ólöglegri dreifingu

Sýn stóð fyrir ráðstefnu um ólöglega dreifingu sjónvarpsefnis en markmið ráðstefnunnar var að ýta undir umræðu og vitund um málefnið. Ólögleg dreifing sjónvarpsefnis snertir mun fleiri aðila en bara sjónvarps- og kvikmyndaiðnaðinn því að til lengri tíma litið hefur hún áhrif á allt samfélagið. Með ráðstefnunni vildi Sýn hvetja til samtals og samvinnu á milli helstu hagaðila til að sporna gegn þessari þróun og vonandi fá stjórnvöld til að setja aukinn þunga í eftirlit og aðgerðir á þessu sviði.

Björt og brosandi inn í haustið

Bylgjan hóf haustið á jákvæðum nótum með sérstakri jákvæðnisviku, þar sem jákvæð tónlist og uppörvandi fréttir voru í forgrunni. Með slagorð Bylgjunnar, björt og brosandi, að leiðarljósi var lögð sérstök áhersla á jákvæða upplifun hlustenda með það markmið að hafa keðjuverkandi áhrif og stuðla að jákvæðara samfélagi.

Íslenska landsliðið – fyrir alla

Á árinu fengu allir landsmenn tækifæri til að fylgjast með íslenska landsliðinu í opinni dagskrá á Stöð 2 Sport við frábærar undirtektir. Áhorf var í hæstu hæðum og með öflugum samstarfi við kostendur tryggðum við að útsendingarnar væru bæði vel kynntar og í hæsta gæðaflokki.

Rokktónleikar í X977 stúdíóinu

Rokkararnir á X977 sönnuðu það að stærðin skiptir ekki máli þegar blásið var til allsherjar rokktonleika inni í hljóðveri X977 sem jafnan er kallað fiskabúrið. Goðsagnakenndar hljómsveitir á borð við HAM, Brain Police og fleiri komu fram í tónleikaröðinni LIVE IN A FISHBOWL við mikinn fögnuð hlustenda X977 og lesenda Vísis.

Íþróttir í fremstu röð allan ársins hring

Árið 2024 var stórt íþróttarár hjá Sýn, þar sem við færðum áhorfendum metnaðarfulla umfjöllun um bæði íslenskar og erlendar íþróttir. Allir leikir í Bestu og Bónus deildum karla og kvenna voru sýndir í beinni, þar sem úrslitakeppnir í fótbolta og körfubolta héldu áhorfendum í besta sætinu fram á síðustu sekúndu.



Við vikkuðum út úrvalið og færðum á skjáinn útsendingar frá tennis, keilu, pílu og hnefaleikum. Á Stöð 2 Sport buðum við upp á yfir 500 íþróttabætti, þar á meðal Stúkuna, Tilþrifu, Körfuboltakvöld og Sumarmót, sem fylgdi helstu fótboldamótum yngri kynslóðarinnar. Við sýndum stærstu viðburði ársins í íþróttum, þar á meðal úrslitum í NBA, Super Bowl, ensku bikarkeppninni og Meistaradeildinni, ásamt því að sýna alla leiki Víkings í Sambandsdeildinni. Þá vöktu þættir eins og Kaninn, Íslandsmeistarar, Lengsta undirbúningstímabil í heimi og heimildapáttaröðin Grindavík mikla athygli. Við erum stolt af því að hafa fært íslenskum íþróttunnendum fleiri viðburði, stærri umgjörð og öflugri umfjöllun en nokkru sinni fyrr.

Sýn er framúrskarandi fyrirtæki

Sýn er stolt af því að vera í hópi 2% fyrirtækja sem töldust framúrskarandi samkvæmt úttekt Creditinfo árið 2024. Sýn var einnig í 5. sæti á lista yfir framúrskarandi fyrirtæki með konu í æðstu stjórnunarstöðu. Þá hlaut Jásömuleiðis viðurkenningu og hefur verið á lista Creditinfo yfir framúrskarandi fyrirtæki frá upphafi, sem er glæsileg staðfesting á stöðugum og traustum rekstri. Til þess að teljast framúrskarandi þurfa fyrirtæki að uppfylla ströng skilyrði sem sýna fram á heilbrigðan rekstur og fjárhagslegan stöðugleika. Þessi viðurkenning er mikil hvatning fyrir okkur til að halda áfram á sömu braut – að gera frábært fyrirtæki enn betra.



Vel heppnaður markaðsdagur

Í haust buðum við gesti velkomna á markaðsdag Sýnar sem haldinn var í myndveri félagsins. Þar kynntu stjórnendur Sýnar félagið, framtíðarsýn og stefnuáherslur til næstu ára fyrir fjárfestum. Viðburðurinn var vel sóttur og veitti innsýn í spennandi tækifæri framundan hjá Sýn.

Allir eru að hlusta!

Bylgjan kom, sá og sigraði á árinu og var viku eftir viku vinsælasta útvarpsstöð landsins samkvæmt rafrænum ljósvakamælingum Gallup. Þá var samanlögð hlustun á útvarpsstöðvar Sýnar framúrskarandi á árinu og mældust þær með tæplega 60 prósentu hlutdeild í markhópnum 18-49 ára.



Sýn bjó til pláss

Sýn bjó til pláss með þátttöku í söfnunar- og skemmtipætti UNICEF sem bar heitið Búðu til pláss. Söfnunin skilaði frábærum árangri þar sem 2.100 nýir Heimsforeldrar gengu til liðs við UNICEF. Starfsfólk Sýnar, ásamt fjölda sjálfboðaliða, tók á móti símtölum, starfaði við útsendinguna og lagði sitt af mörkum til þessa mikilvæga verkefnis.





Fjölbreytt og fagleg íslensk framleiðsla

Á árinu 2024 stóð Sýn að fjölda metnaðarfullra innlendra þátta og sjónvarpsviðburða sem nutu mikilla vinsælda. Meðal þeirra má nefna: Idol, Viltu finna milljón, Mari, Bannað að hlæja, Kviss, Svörtu sandar, Ein stjarna og Grindavík. Þessi fjölbreytta dagskrá endurspeglar stefnu okkar um að bjóða upp á vandað og skemmtilegt íslenskt efni sem höfðar til fjöldans.



Sýn í hnotskurn

Ársreikningur

Árið 2024

Okkar Sýn

Sjálfbærni

04

Stefna Sýnar 2025–2030

Eitt stærsta verkefni ársins 2024 var stefnumótun félagsins til næstu fimm ára. Vegferðin í átt að nýrri stefnu Sýnar hófst á vormánuðum árið 2024. Frá upphafi var lögð áhersla á að vinna stefnu félagsins í þéttri samvinnu við starfsfólk með viðskiptavininn í hjarta hverrar ákvörðunar.

Öllu starfsfólki gafst færi á þátttöku í stefnumótunarvinnunni og í gegnum allt ferlið unnu um 70 manns af fullum þunga að mótun nýrrar stefnu félagsins. Þessi vinna leiddi í ljós sterkan samhljóm á meðal starfsfólks, bæði hvað varðar framtíðarsýn en einnig varðandi skilgreiningu á skýrri stefnu félagsins til næstu ára. Stefna félagsins sprettur þannig upp úr grasrótinni og endurspeglar sýn starfsfólks um hvernig gera megí gott fyrirtæki enn betra.

Í ferlinu varð ljóst að félagið hefur um nokkurt skeið skort sannfærandi framtíðarsýn. Í því fólst ákveðið tækifæri til að endurskilgreina félagið gagnvart helstu hagaðilum; viðskiptavinum, starfsfólki og hluthöfum sem saman mynda félagið.

Út frá vinnunni varð til ný framtíðarsýn félagsins sem við teljum skapa spennandi grundvöll að nýrri Sýn sem samþætt fjölmiðla- og tæknifélag. Félag sem starfar sem ein heild með þarfir og væntingar viðskiptavina að leiðarljósi. Framtíðarsýn félagsins verður þannig – **Þín sýn er okkar sýn.**

Framtíðarsýnin er boð til viðskiptavina okkar um að segja hver þeirra sýn á þjónustuframboð okkar er en um leið loforð um að við ætlum að leggja okkur fram við að hlusta, eiga við þá samtal og mæta þeirra væntingum. Framtíðarsýnin er bæði djörf og setur á okkur miklar kröfur um að styðja hana með alvöru aðgerðum. Hún er þó fyrst og fremst vegvísir okkar inn í framtíðina. Við ætlum ekki að reyna að vera allt fyrir alla en munum leggja áherslu á að fanga kjarna óska viðskiptavina okkar og gera þeirra sýn að veruleika. Þannig náum við árangri, bæði fyrir viðskiptavinum en ekki síður fyrir starfsfólk og hluthafa félagsins.

Í gegnum stefnumótunarferlið var höfuðáhersla lögð á þrjú stef – samvinnu, skilvirkni og vöxt. Þessi þrjú stef hafa endurómað í gegnum alla stefnuvinnuna og munu fylgja okkur áfram við innleiðingu stefnunnar hvað varðar forgangsriðun verkefna, fjárfestinga og við ákvarðanatöku. Stefna félagsins endurspeglar þessar áherslur vel enda felur hún í sér viðtæka áætlun um að skapa samþætt fyrirtæki með sameiginlega menningu. Þannig ætlum við að straumlínulaga starfsemina og samskipti við

viðskiptavinum, vaxa á hagkvæman hátt og skila langtíma virði til allra hagaðila.

Innleiðing og framkvæmd stefnu

Við innleiðingu og framkvæmd stefnunnar verður stuðst við OKR aðferðafræðina sem í grunninn er einfalt kerfi til að setja skýr, mælanleg og tímasett markmið út frá stefnu. Markmiðin (objectives) eru metnaðarfullar yfirlýsingar um hvert ætlunin er að ná innan ákveðins tímaramma en eru vel skilgreind svo hægt sé að mæla árangur.

OKR's verða bæði skilgreind árlega fyrir félagið í heild en inni á hverju sviði verða OKR's skilgreind fyrir hvern ársþriðjung. Þetta er gert með það að leiðarljósi að tryggja að statt og stöðugt sé unnið að framkvæmd stefnunnar þvert á félagið og að þau verkefni sem unnin eru inni í hverri einingu styðji við heildarstefnu félagsins og lykilmarkmið hvers árs.

Stefnumótun félagsins var kynnt á Markaðsdegi Sýnar sem haldinn var í myndveri félagsins þann 14. nóvember.

Sýn í hnotskurn

Ársreikningur

Árið 2024

Okkar Sýn

Sjálfbærni

05

Sýn hf. leggur ríka áherslu á góða stjórnarhætti, umhverfis og félagsþætti í starfsemi sinni. Kjarninn í sjálfbærnistefnu félagsins er ábyrgur rekstur og eru stjórnendur staðráðnir í að samþætta sjálfbæra starfshætti í starfseminni og draga úr áhættu tengdri sjálfbærni. Starfsmenn eru vakandi gagnvart nýrri tækni og lausnum til að auka sjálfbærni í starfseminni. Forstjóri ber ábyrgð á sjálfbærnistefnu Sýnar og stjórnendur allir ábyrgð á innleiðingu hennar og að hún sé í samræmi við alþjóðamælikvarða á sviði sjálfbærniupplýsingagjafar og meginmarkmiða félagsins til framtíðar.

Stjórn og stjórnendur Sýnar eru meðvituð um að sjálfbærniþættir hafi áhrif á rekstur og virðis_keðju félagsins og er hafin innleiðing á verklagsreglum til að draga úr sjálfbærniáhættu sem tengist starfseminni, vörum og þjónustu.



Sjálfbærnistefna Sýnar

Sjálfbærnistefna Sýnar rammur inn helstu áherslur félagsins í sjálfbærni og er innleidd í alla starfsemina. Lögð er rík áhersla á ábyrgan rekstur, góða stjórnarhætti, umhverfis- og félagsþætti í starfseminni. Kjarninn í stefnunni felst í þeirri ábyrgð að reka fjarskipta- og fjölmiðlafyrirtæki á Íslandi.

Sýn hyggst takast á við umbreytingar og áhættur í samfélaginu og virðisbætur sinni með fyrirbyggjandi hætti þar sem horft er til þess að auka sjálfbærni, vernda orðspor, efla seiglu og verðmæti félagsins með hagsmuni haghafa Sýnar í öndvegi.

Sjálfbærnistefnan tekur tillit til sjálfbærniáhættu í starfsemi og virðisbætur félagsins. Byggt á tvöfaldri mikilvægisgreiningu er lagt mat á helstu sjálfbærniáhættur og tækifæri innan félagsins og í virðisbætur þess.

Markmið

Markmiðið er að stefnan endurspegli megin sjálfbærniáherslur Sýnar og áhrif starfseminnar á umhverfi og samfélag og að þau séu mæld í samræmi við gildandi lög og leiðbeinandi viðmið.

Áhersla er lögð á að samþætta sjálfbæra starfshætti í starfsemina og draga úr áhættu tengdri sjálfbærni. Sjálfbærniáhættur eru innleiddar í almennt áhættumat félagsins.

Mikilvægur þáttur í sjálfbærniáherslum Sýnar er að miðla upplýsingum um veigamikla þætti í starfseminni með tilliti til sjálfbærni á sviði efnahags-, umhverfis-, samfélags- og stjórnarháttanna.

Ábyrgðaraðilar

Stjórn, forstjóri og framkvæmdastjórn bera ábyrgð á innleiðingu á sjálfbærnistefnu innan félagsins. Ábyrgð á málaflokknum var færð til Mannauðs í lok árs 2024 og mun mannauðsstjóri leiða vinnu stýrihóps um sjálfbærnimál í félaginu. Hlutverk stýrihópsins er að hafa umsjón með framkvæmd sjálfbærnistefnu, framkvæmd sjálfbærni áhættumats með tilliti til rekstraráhættu, þróa sjálfbærnimarkmið og fylgjast með framförum.

Umhverfisþættir

Sýn vinnur markvisst að því að draga úr neikvæðum umhverfisáhrifum af starfseminni. Sýn hefur frá árinu 2015 sett sér markmið um að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda og mæla árangurinn

markvisst. Félagið styður við Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna númer 9, 12 og 13 sem snúa að nýsköpun, umhverfis- og loftslagsmálum. Megin umhverfisáhætta Sýnar er mögulegur raforkuskortur og aukin losun gróðurhúsalofttegunda. Áhættustýringin felst í því að vakta og lágmarka þá áhættu í starfseminni, innleiða hringrásarkerfi og orkusparandi aðgerðir og samgöngur, draga úr úrgangi og vatnsnotkun með það að markmiði að draga úr losun.

Félagsþættir


Sýn er umhugað um andlega og félagslega vellíðan starfsfólks. Félagið fylgir eftir jafnréttis- og mannréttindastefnu þar sem megináherslan er að byggja upp heilbrigt vinnumhverfi þar sem hlúð er að vellíðan starfsfólks, mannréttindum, fjölbreytileika og inngildingu. Hafin er kortlagning á félagslegum áhættum varðandi birgja og samstarfsaðila. Félagið styður við Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna númer 5 sem snýr að jafnrétti kynjanna og númer 8 sem snýr að góðri atvinnu og hagvexti sem styður við

sjálfbæran hagvöxt og arðbær og mannsæmandi atvinnutækifæri fyrir öll.

Stjórnarhættir

Stjórn og stjórnendur vinna eftir siðareglum félagsins og bera ábyrgð á áhættu sem tengist stjórnarháttum, siðferði, spillingu og hlítni við lög og reglur. Sýn fylgir viðurkenndum leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja, með það að markmiði að styrkja innviði Sýnar og auka gagnsæi.

Á árinu 2022 var unnin mikilvægisgreining byggð á viðmiðum GRI staðalsins og árið 2023 var sú greining uppfærð í samræmi við í ESRS staðal Evrópusambandsins um tvöfalda mikilvægisgreiningu (e. Double Materiality). Áhersla er lögð á að greina og meta áhættu og tækifæri hvers mikilvægispáttar auk fjárhagslegra og samfélagslegra áhrifa. Ennfremur voru hagaðilar greindir með tilliti til mikilvægis og þeirra viðhorfa til sjálfbærniþátta Sýnar. Sjónum var beint að því að greina þýðingarmestu sjálfbærniþættina og áhrif þeirra á mögulegan rekstrarkostnað, umhverfi og samfélag. Lagt var mat á vægi sjálfbærniþátta sem sést hér á eftirfarandi mynd:



Viðmið og leiðbeiningar:


- Evróputilskipun (CSRD) sem snýr að sjálfbærniupplýsingagjöf stórra og/eða skráðra fyrirtækja og ESRS sjálfbærnistaðall. CSRD tilskipunin kemur í stað núverandi krafna í lögum um ársreikninga um ófjárhagslega upplýsingagjöf (3/2006 66. gr. d).
- Global Reporting Initiative (GRI) sjálfbærnistaðallinn sem er samræmanlegur sjálfbærnistaðli Evrópusambandsins (ESRS).
- Tvöföld mikilvægisgreining (e. Double Materiality) ESRS staðals Evrópusambandsins.
- Leiðbeiningar Viðskiptaráðs, Nasdaq OMX Iceland og Samtaka atvinnulífsins um stjórnarhætti fyrirtækja og leiðbeiningar Nasdaq OMX Iceland um samfélagsábyrgð
- Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna

Heimsmarkmið



Jafnrétti kynjanna

Jafnlaunavottun, jafnréttis- og mannréttindastefna, jafnréttisáætlun Sýnar og jafnlaunastaðallinn ÍST 85:2012 stuðlar að eftirfylgni við heimsmarkmið númer 5.



Góð atvinna og hagvöxtur

Tryggja góða stjórnarhætti þar sem tekið er tillit til UFS leiðbeininganna Nasdaq, upplýsingaöryggisstaðallinn ISO 27001, siðareglur, stefnu um mútur og peningapvætti, jafnréttis- og mannréttindastefna, öryggis-, heilbrigðis- og vinnuumhverfisstefna, birgja- og innkaupastefna. Ásamt samstarfi með Almannavörnum og Neyðaröryggisfjarskiptum vegna ófyrirséðar náttúruvár stuðla að eftirfylgni við heimsmarkmið númer 8.



Nýsköpun og uppbygging

Áhersla á stuðning við nýsköpun, framþróun og sjálfbærni á sviði stafrænnar uppbyggingar tengt fjarskiptum og fjölmiðlum, fjárfesting í tækninýjungum, rannsóknum og þróun er varðar örugga, tryggja og sjálfbærari uppbyggingu fjarskiptainnviða ásamt netvöktun og fræðslu í samstarfi við Cert-IS netöryggissveit Íslands og Fjarskiptastofnunar stuðlar að eftirfylgni við heimsmarkmið númer 9.



Ábyrg neysla og framleiðsla

Upplýsingaöryggisstaðallinn ISO 27001, gæðastefna, innleiðing á umhverfismarkmiðum byggt á sjálfbærnistaðlinum Global Reporting Initiative (GRI), árleg sjálfbærniskýrsla byggð á viðmiðum GRI og birgja- og innkaupastefna Sýnar stuðlar að eftirfylgni við heimsmarkmið númer 12.



Aðgerðir í loftslagsmálum

Aðgerðaáætlun, innleiðing á umhverfismarkmiðum byggt á sjálfbærnistaðlinum Global Reporting Initiative (GRI), Loftslagssamningur Festu og Reykjavíkurborgar, umhverfis- og sjálfbærnifræðsla til starfsfólks og birgja- og innkaupastefna Sýnar stuðlar að eftirfylgni við heimsmarkmið númer 13.

Samfélag

Hluti af samfélaginu


Sýn er efnahagslega og samfélagslega mikilvægt fyrirtæki sem veitir víðtæka þjónustu sem skiptir máli fyrir innviði samfélagsins, samskipti fólks og rekstur fyrirtækja og stofnana. Félagið fylgir í hvívetna lögum og reglum og leggur sig fram um að vera fyrirmynd í samfélagsmálum. Það einsetur sér að sýna starfsfólki sínu, birgjum og viðskiptavinum virðingu í öllum samskiptum. Fréttastofa Stöðvar 2, Vísis og Bylgjunnar er á vakt allan sólarhringinn og tryggir að landsmenn fái áreiðanlegar fréttir þegar þær skipta mestu máli og tengjast jafnvel öryggi þeirra. Sýn framleiðir þætti sem hafa áhrif á umræðu og vitundarvakningu almennings er varðar ýmis málefni.

Sýn styrkir fjölbreytt góðgerðasamtök, íþróttastarf og menningu með ýmsum hætti. Stuðningur Sýnar er ýmist í formi beins fjárhagsstuðnings, afslátta fyrir veitta þjónustu, sjálfböðastarfs, safnana eða gjafa. Ákvarðanir um stuðning, samstarf og úthlutun styrkja byggja á sjálfbærni – því við viljum hafa **raunveruleg og jákvæð áhrif á samfélagið sem við erum hluti af.**

Fréttir fyrir fólkið í landinu

Fréttastofa Stöðvar 2, Vísis og Bylgjunnar gegnir mikilvægu hlutverki við að upplýsa og fræða

almenning um málefni líðandi stundar. Lögð er rík áhersla á að vera fyrst með fréttirnar en á sama tíma vera með vandaðan frétttaflutning, greina rétt og skýrt frá. Á árinu tókum við stórt skref í átt að aðgengilegri frétttaflutningi með því að opna kvöldfréttir Stöðvar 2 fyrir öllum landsmönnum. Með því vildum við tryggja að fólk hefði greiðan aðgang að fjölbreyttum og áreiðanlegum fréttum frá einni sterkustu fréttastofu landsins. Fréttastofan leggur sig einnig fram um að vekja athygli á málum sem eiga erindi við almenning og dýpka frétttaumfjöllun í gegnum ýmsa fréttatengda þætti á borð við Pallborðið og Kompás. Fréttastofan nýtur trausts almennings sem sjá má á hversu margir hlusta, horfa eða lesa fréttir okkar. Yfir 80% landsmanna lesa Vísi vikulega, 22% hlusta á hádegisfréttir Bylgjunnar og yfir 40% horfa á kvöldfréttir í hverri viku.



Dagskrárgerð sem speglar þjóðina

Hluti af samfélagslegu hlutverki Sýnar er að framleiða og miðla efni sem á erindi við þjóðina hverju sinni í takt við síbreytilegan tíðaranda. Á árinu 2024 framleiddum við gríðarlegt magn dagskrárefnis, í sjónvarpi, útvarpi og á vefmiðlum, sem var ætlað að skemmta þjóðinni og endurspegla það sem var að gerast í íslensku samfélagi.

Á útvarpsstöðvum Sýnar eru beinar útsendingar alla daga ársins og við leggjum sem fyrr mikla áherslu á að vera í stöðugum samskiptum við hlustendur, meðal annars með því að opna fyrir símann í beinni og taka þannig púlsinn á þjóðinni.

Á Stöð 2 og Stöð 2 Sport höfum við lagt áherslu á framleiðslu á hágæða íslensku efni, bæði til

að fræða áhorfendur og veita framúrskarandi skemmtun heim í stofu. Við erum stolt af því að framleiða efni sem vekur umræðu, tengir fólk saman og veitir innsýn í íslenskt samfélag.

Tæknin sem tengir samfélagið

Við tökum hlutverki okkar sem tæknifyrirtæki alvarlega og trúum að tæknin geti einfaldað líf fólks og stutt við öflugt atvinnuleg. Á hverjum degi hjálpum við yfir 100.000 manns að tengjast og mörg af stærstu fyrirtækjum landsins treysta okkur fyrir sínu sambandi. Það er okkar markmið að nýta tæknina til góðs – bæði fyrir einstaklinga og fyrirtæki í landinu

Uppbygging 5G gekk vel á árinu en í lok árs voru 180 5G sendar tengdir um land allt. Við höfum einnig styrkt símapjónustu með innleiðingu tækni eins og VoLTE, sem tryggir betri og stöðugri símtöl. Við erum stolt af því að nýta tæknina til að veita landsmönnum besta mögulega sambandið hverju sinni.

Á árinu 2024 urðu miklar jarðhræringar sem kröfðust þess að við aðstoðuðum viðbragðsaðila við að tryggja öruggt samband á þeim svæðum en það er – ekki aðeins mikilvægt fyrir almenning, heldur einnig fyrir vísindafólk og björgunaraðila.

Í lok árs var skrifað undir áframhaldandi samstarf við Slysavarnafélagið Landsbjörg. Samstarfið hefur verið gjöfult og gott og leggjum við höfuðáherslu á aðveita Landsbjörgu fyrsta flokks fjarskiptapjónustu hvar og hvenær sem er á landinu, enda liggur oft mikið við.

Nýtum innviðina okkar til góðs

Að gefa til baka skiptir okkur máli. Á þessu ári vorum við svo lánsöm að geta stutt við söfnunaráttak Grensásdeildar Landsspítalans þar sem tókst að safna 147 milljónum króna. Sýn sá söfnuninni fyrir öruggri fjarskiptapjónustu við áheitasöfnunina sem

fór fram í gegnum síma og smáskilaboð. Traust fjarskiptasamband er lykilþáttur í svona söfnun þar sem álag á kerfi verður mikið á stuttum tíma. Sýn tryggði að tæknin virkaði sem skildi ásamt því að umbreyta þjónustuveri Sýnar þar sem sjálfbóðaliðar svöruðu í símann og tóku á móti framlögum. Sýn bjó einnig til pláss með þátttöku í söfnunar- og





skemmtipætti UNICEF sem bar heitið Búðu til pláss en markmið þáttarins var að fjölga Heimsforeldrum og bæta þannig líf milljóna barna í neyð. Líkt og undanfarin ár sýndum við stuðning í verki – bæði

með öruggum fjarskiptum í gegnum símaver Vodafone og þátttöku í útsendingu og framleiðslu þáttarins í gegnum Stöð 2. Söfnunin skilaði frábærum árangri þar sem 2.100 nýir Heimsforeldrar gengu

til liðs við UNICEF. Starfsfólk Sýnar, ásamt fjölda sjálfböðaliða, tók á móti símtölum og lagði sitt af mörkum til þessa mikilvæga verkefnis.

Mannauður og menning

Mannauðurinn er mikilvægur hlekkur í velgengni og vexti félagsins. Rík áhersla er lögð á að halda í og laða að framúrskarandi fólk sem stuðlar að hámarks árangri einstakra teyma og félagsins í heild. Það gerum við með því að búa því skemmtilegt, nútímalegt og heilbrigt vinnuumhverfi. Við leggjum áherslu á jákvæða menningu, öfluga liðsheild og sýnum hvort öðru virðingu í hvívetna. Okkur er umhugað um að efla fólk í faglegum og persónulegum vexti og veita því tækifæri og traust til að takast á við að spennandi verkefni þar sem styrkleikar þess fá sín notið. Mannauðsstefnu Sýnar er ætlað að styðja við stefnu félagsins sem byggir á samvinnu, skilvirkni og vexti.


Þín sýn um spennandi og skemmtilegan vinnustað er okkar sýn

Sýn vill vera eftirsóttur og nútímalegur vinnustaður þar sem fólki líður vel. Okkar sýn er að fólk finni til tilgangs og fái að takast á við metnaðarfull verkefni til að vaxa og dafna. Mannauður hlúir að menningunni okkar og styður við samvinnu þvert á fyrirtækið. Þá vinnum við markvisst að því að auka skilvirkni með bættum ferlum og aukinni sjálfvirkni. Við viljum að starfsfólk hlakki til að mæta til vinnu, upplifi sanngirni, gagnsæi og virðingu og sé stolt af því að vinna hjá Sýn. Markmið okkar er að mannauðsstjórnun í félaginu sé virðisaukandi og styðji við stefnu félagsins.

Unnið er að uppfærslu mannauðsstefnu Sýnar til næstu ára í takt við nýja stefnu félagsins.



Fólkið okkar



Starfsánægja

Í upphafi árs var gerð starfsánægjukönnun á vegum Gallup í öllum einingum félagsins. Niðurstöður könnunarinnar gáfu dýrmæta innsýn í líðan starfsfólks sem unnið hefur verið með á árinu með það að markmiði að auka starfsánægju og helgun starfsfólks. Niðurstöður voru kynntar öllu starfsfólki og í kjölfarið smíðuð aðgerðarplön innan hvernar einingar. Stefnt er að því að framkvæma starfsánægjukönnunina árlega og verður næsta könnun gerð á fyrsta ársfjórðungi 2025.

Frammistöðumat og markmiðasetning

Á árinu var áhersla lögð á virka frammistöðustjórnun og stjórnendur hvattir til að eiga frammistöðusamtöl við starfsfólk og styðja það til árangurs með öflugri markmiðasetningu fyrir árið. Þá var einnig unnið að uppfærslu starfslýsinga fyrir allt starfsfólk samhliða breytingum á skipuriti félagsins.

Stórbætt starfskjör

Liður í því að auka ánægju og stuðla að betri líðan á meðal starfsfólks var að bæta starfskjör þess. Stjórn félagsins samþykkti á árinu uppfærslu á starfskjörum til starfsfólks sem höfðu verið óbreytt í lengri tíma. Öllu starfsfólki bauðst þar að auki kaupréttir í fyrsta sinn í sögu félagsins. Mikill meirihluti starfsfólks skrifaði undir kaupréttarsamning en með þessu móti eru hagsmunir starfsfólks tengdir við árangur

félagsins til lengri tíma og veita starfsfólki möguleika á fjárhagslegum ávinningi ef félagið skilar góðum árangri.

Jafnrétti, mannréttindi og fjölbreytileiki

Jafnrétti, mannréttindi og fjölbreytileiki eru okkur hugleikin og áhersla lögð á að starfsfólk sé metið að verðleikum, njóti jafnra tækifæra á vinnustaðnum auk þess sem hugað er að inngildingu. Sýn hefur statt og stöðugt unnið að því að skapa vinnuumhverfi sem hvetur til fjölbreytni og jafnréttis. Við vitum að árangur í jafnréttismálum er ekki eitthvað sem gerist af sjálfu sér heldur er það ákvörðun sem við erum stolt af að hafa tekið. Við munum halda áfram að leita leiða til að tryggja fjölbreytileika og inngildingu bæði í hópi stjórnenda og starfsfólks.

Starfsfólki er ekki mismunað á grundvelli kyns, kynþáttar eða þjóðernis, kynhneigðar, aldurs, trúar, skoðana eða annarra þátta skv. ákvæði laga nr. 86/2018. Hegðun á borð við kynbundið ofbeldi, kynbundna og kynferðislega áreitni er ekki liðin. Starfsfólki af öllum kynjum er gert kleift að samræma fjölskyldu- og atvinnulíf. Sýn hefur markað sér jafnréttisáætlun í samræmi við ákvæði laga nr. 150/2020 um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna. Áætlunin á að tryggja jöfn tækifæri og kjör starfsfólks af öllum kynjum og að allir fái notið sín. Hvers kyns mismunur á grundvelli kyns í andstöðu við jafnréttisáætlun og jafnréttislög og er óheimil. Framkvæmdastjórn hefur samþykkt aðgerðaráætlun sem er hluti af jafnréttisáætlun og ber forstjóri

ábyrgð á framkvæmd hennar. Aðgerðaráætlun verður endurskoðuð árið 2025.

Jafnlaunavottun

Sýn fór í gegnum viðhaldsúttekt á jafnlaunakerfi félagsins síðastliðið vor. BSI á Íslandi tók kerfið út og gáfu út viðhaldsvottun í kjölfarið. Niðurstaða úttektarinnar var að óútskýrður launamunur á heildarlaunum innan félagsins reyndist aðeins 0,7% konum í vil. Samkvæmt jafnréttisáætlun Sýnar er markmið félagsins að vera undir 2% í óútskýrðum launamun og því virkilega ánægjulegar niðurstöður.

Jafnréttisáætlun Sýnar



Fræðsla og starfsþróun – UNI

UNI er regnhlífarhugtak sem nær yfir alla fræðslu sem starfrækt er innan Sýnar. Með UNI vill félagið tryggja samræmda og góða grunnþjálfun starfsfólks um leið og félagið veitir starfsfólki sérhæfða þjálfun og fræðslu sem hentar starfi hvers og eins.

Því til viðbótar býður UNI reglulega upp á gagnleg námskeið og fyrirlestra sem eflir starfsfólk bæði í leik og starfi.

Á árinu voru lögð fram drög að nýrri fræðsluáætlun sem kynnt var í upphafi árs 2025. Áætlunin miðar út frá því að leggja mikið kapp á breytt og bætt nýliðaferli í bland við að efla móttöku nýliða.

Flest námskeið sem boðið var upp á voru á rafrænu formi í bland við einstaka staðarnámskeið sem haldin voru í aðalsamkomusal félagsins, BESTA Bistro.

Vinnuvernd

Hjá Sýn er lögð áhersla á að tryggja öruggt og heilbrigt vinnuumhverfi fyrir allt starfsfólk. Starfsfólki býðst árlegur heilsustyrkur, inflúensubólusetningar auk þess sem félagið á í samstarfi við ytri fagaðila sem þjónusta starfsfólk í átt að bættri heilsu.

Innan Sýnar starfar virkur vinnuverndarhópur. Hlutverk hans er að taka til umfjöllunar mál er varða aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustaðnum.

Gagnkvæm virðing er lykilorð í öllum samskiptum hjá Sýn. Við leggjum áherslu á að 14 gr. laga nr. 150/2020 um kynbundið ofbeldi, kynbundin og kynferðislega áreitni, sé fylgt, en skv. henni er kynbundin og kynferðisleg áreitni, einelti eða önnur samskipti, sem eru til þess fallin að valda vanlíðan hjá öðrum ekki liðin.

EKKO


Sýn gerði samkomulag við Vinnuvernd á árinu um að taka að sér EKKO vöktun fyrir félagið. Ekko er skammstöfun fyrir einelti, kynferðislega áreitni, kynbundna áreitni og ofbeldi á vinnustað. Markmiðið er að styrkja enn frekar aðgerðir Sýnar gegn ósæmilegri hegðun á vinnustað og styðja náðið við starfsfólk sem telur sig verða fyrir slíkri hegðun. Sálfræðiteymi Vinnuverndar vaktar tilkynningar sem berast í gegnum tilkynningarsíðuna um mögulegt einelti, kynferðislega áreitni, kynbundna áreitni og ofbeldi á vinnustað. Sálfræðiteymið sem hefur þannig hlutverk í viðbragðsteymi félagsins er hlutlaus og óháður aðili og aðstoðar starfsfólk. EKKO ráðgjafi mun útskýra skilgreiningar á einelti, kynferðislegri áreitni, kynbundinni áreitni og ofbeldi og fara yfir ýmsa þætti verklagsins til að aðstoða starfsfólk til að taka upplýsta ákvörðun um til hvaða aðgerða það vill grípa til.

Félagslífið

Mikið er lagt upp úr góðum anda á vinnustaðnum, jákvæðum samskiptum og því að hafa gaman í vinnunni. Vinnustaðamenningin einkennist af drifkrafti og frumkvæði, boðleiðir eru stuttar og starfsfólk hjálpast að við að ná settum markmiðum. Innan fyrirtækisins starfar starfsmannafélagið Stýna, sem stendur reglulega fyrir viðburðum fyrir starfsfólk og fjölskyldur þeirra en auk þess eru fjölmargir klúbbar starfræktir á meðal starfsfólks til dæmis hjólahópur, hlaupahópur, royalistafélag og gönguhópur svo fátt eitt sé nefnt.



Fræðslustundir per starfsmann
8,42 klst



Karlar
6,99

Konur
11,16

Umhverfi

Undirfyrirsögn

Virðing fyrir náttúrunni og lágmörkun umhverfisáhrifa er meginstef í sjálfbærnistefnu Sýnar. Umhverfisvernd og ábyrg auðlindanýting er leiðarljós í allri starfseminni. Félagið fylgir eftir skýrum ferlum er varðar umsýslu og rekstur fjarskiptainnviða og er ávallt leitast við að framkvæmdir á vegum félagsins valdi sem minnstu umhverfisraski. Félagið hefur frá árinu 2015 mælt umhverfisáhrifin frá starfseminni og unnið er markvisst að því að draga úr þeim sem felst meðal annars í ábyrgri nýtingu auðlinda, innleiðingu á orkusparandi aðgerðum, minnkun úrgangs og stuðningi við hringrásarkerfi í starfseminni. Markmiðið er að auka notkun á vistvænni orku og að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda. Félagið styður við Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna númer 9, 12 og 13 sem snýr að nýsköpun, umhverfis- og loftslagsmálum.

Stjórn og stjórnendur eru meðvituð um að sjálfbærniáhættur hafi áhrif á starfsemi og virðisbætur félagsins. Byggt á tvöfaldri mikilvægisgreiningu og áhættustýringu fjarskiptainnviða eru megin umhverfisáhættur Sýnar mögulegur raforkuskortur, náttúruvá og aukin losun gróðurhúsalofttegunda. Áhættustýringin felst í því að vakta og lágmarka þá áhættu í starfseminni. Nýsköpun gegnir mikilvægu hlutverki í framþróun í átt

að vistvænni fjarskiptatækni. Leitast er við að einfalda ferla sem felst meðal annars í því að sjálfvirknivæða ferla, þróa öflugar stafrænar lausnir og innleiða nýja tækni. Þá á sér stað samstarf með viðskiptavinum, birgjum og verktökum við að þróa vörur og þjónustu til að lágmarka áhrifin sem félagið hefur á umhverfið.

Félagið nýtir hugbúnað frá Klöppum hf. til að taka saman árlegt umhverfisuppgjör.

Frá árinu 2015 hefur félagið kolefnisjafnað starfsemina með trjárækt í samstarfi við Kolvið.

Tekin var ákvörðun árið 2024 að kaupa 200 staðfestar kolefniseiningar í gegnum ICR. Einingarnar koma úr fjórum mismunandi verkefnum sem er sett saman og seld í einum pakka. Heildarlosun 2024 frá starfsemi Sýnar, fyrir umfang 1 og 2 er 171,5 tonn CO₂ sem er lækkun um 23% eða 50 tonn frá árinu áður. Til að jafna kolefnislosun Sýnar hefur félagið ákveðið að fjárfesta í blönduðum kolefnisjöfnunareiningum. Þessi nálgun tryggir sveigjanleika, dregur úr áhættu og hámarkar jákvæð umhverfisleg og samfélagsleg áhrif

Hluti af innleiðingu á hringrásarkerfi félagsins er skapa vettvang fyrir viðskiptavinum til að draga úr vistspori tækja. Félagið býður viðskiptavinum að koma með eldri raftæki með þjónustunni „Notað upp



í nýtt” hjá Vodafone. Ef tæki reynist verðlaust þá er því fargað á ábyrgan hátt í samstarfi við fyrirtækið Foxway.

Árið 2024 hélt Sýn sínu striki við að leggja sitt af mörkum í flokkun úrgangs sem kemur frá félaginu. Starfsfólk er að jafnaði hvatt til að flokka allt það sorp sem myndast í og við reksturinn. Flokkunartunnur eru staðsettar víðsvegar um fyrirtækið til að auðvelda flokkun.

Á undanförunum árum hefur Sýn unnið að Ledvæðingu í fyrirtækinu með það að markmiði að draga úr orkunotkun í húsakynnum sínum. Á árinu 2023 var sett upp LED lýsing í myndverum félagsins. Markmið Sýnar er að öll föst lýsing í eigu félagsins verði komin í LED árið 2025 (með fastri lýsingu er átt við ljós sem nýtt eru á hverjum degi til lýsingar skrifstofurýma og eða myndvera félagsins). Árið 2023 var farið í vinnu við að endurstilla almenna lýsingu hjá Sýn til að gæta þess að ljós logi ekki að ástæðulausu á kvöldin og yfir nóttina í höfuðstöðvum félagsins.


Bílafloti Sýnar samanstóð af 31 bifreið í lok árs 2024 og fækkaði honum um 2 bifreiðar frá árinu á undan. Skipting bílaflotans var eftirfarandi; raf eða tengil tvinnbílar 16 stk, Hybrid bifreiðar 2 stk, breyttar jeppabifreiðar með dísel hreyfli 6 stk, sendibifreiðar og jeplingar með dísel hreyfli 7 stk. Sýn hvetur starfsfólk sitt til að notast við vistvænar samgöngur til og frá vinnu með tvennum hætti. Annars vegar með því að bjóða starfsfólki að gera samning um samgöngustyrk en með þeim samningi skuldbindur




starfsfólk sig til að notast við vistvænar samgöngur í það minnsta þrisvar sinnum í viku. Árið 2024 nýttu að jafnaði 57 einstaklingar sér samgöngustyrk félagsins. Góð aðstaða er fyrir starfsfólk til að koma hjólandi eða gangandi til vinnu. Boðið er upp á upphitaða hjólageymslu með tengimöguleikum til að hlaða rafhjól og góða búningsaðstöðu með sturtu og þurrskápum. Einnig býður félagið upp á rafhleðslu við höfuðstöðvarnar sem bæði starfsfólk og viðskiptavinir geta nýtt sér að kostnaðarlausu.

Árið 2024 var send út samgöngukönnun til starfsfólks sem eykur heildarlosun við umfang 3 sem útskýrir hækkun á milli ára.


Eldsneytisnotkun




Losun gróðurhúsalofttegunda




Rafmagnsnotkun



Flokkun úrgangs



Vatnsnotkun



Tvöföld mikilvægisgreining

Mikilvægur þáttur í sjálfbærniupplýsingagjöf Sýnar er að miðla upplýsingum um veigamikla þætti í starfseminni með tilliti til sjálfbærni á sviði stjórnarháttá, efnahags-, umhverfis- og félagsþátta.


Á árinu 2022 var unnin mikilvægisgreining sem byggði á viðmiðum Global Reporting Initiative (GRI) staðalsins og árið 2023 var sú greining uppfærð í samræmi við í European Sustainability Reporting Standard (ESRS) staðal Evrópusambandsins um tvöfalda mikilvægisgreiningu (e. Double Materiality). Þar er áhersla lögð á að greina og meta áhættu og tækifæri hvers mikilvægisþáttar auk fjárhagslegra, umhverfis- og samfélagslegra áhrifa. Ennfremur voru áhrif kortlögð út frá viðtölum við hagaðila félagsins með tilliti til mikilvægis og viðhorfa þeirra til sjálfbærniþátta Sýnar. Langbrók ráðgjöf ehf. vann að tvöföldu mikilvægisgreiningunni í samráði við sjálfbærni stýrihóp félagsins. Tvöföld mikilvægisgreining er mikilvægur grunnur fyrir efnistöð árs- og sjálfbærnisýrslu Sýnar og fyrir langtíma stefnumótandi áherslur félagsins í sjálfbærnimálum, þar sem áhætta, áhrif og tækifæri félagsins á sviði sjálfbærnimála eru kortlögð. Valdir hagsmunaaðilar Sýnar, víðsvegar úr virðiskeðju félagsins tóku þátt í tvöfaldri mikilvægisgreiningu á helstu sjálfbærniáherslum (UFS áherslum) fyrirtækisins. Mikilvægi helstu sjálfbærniþátta/ viðfangsefna Sýnar var metið af hagsmunaaðilum og byggir greiningin á viðmiðum ESRS ásamt niðurstöðum hagaðilasamtala við stjórnendur og

lykilstarfsmenn Sýnar frá árinu 2022.

Fjárhagsleg áhrif (e. Financial Materiality – Outside-In): Hér er horft til áhrifa umhverfis- og samfélagsmála á efnahagslega afkomu fyrirtækisins. Markmiðið er að kortleggja þá félags- og umhverfispætti sem geta haft áhrif á starfsemi fyrirtækisins, sem og þau efnahagslegu tækifæri sem þessir þættir geta skapað.

Önnur áhrif (e. Impact Materiality – Inside-Out): Mat á áhrifum af starfsemi fyrirtækisins á umhverfi og samfélag. Markmiðið með þessari kortlagningu felst í því að kortleggja mikilvægustu sjálfbærniþættina sem þarf að mæla og miðla áfram í sjálfbærnisýrslu, svo sem losun gróðurhúsalofttegunda, mannréttindi, auðlindastjórnun, fjölbreytni og inngilding, viðskiptasiðferði og fleira.

Lagt var mat á vægi sjálfbærniþátta og má sjá áhrif þeirra á eftirfarandi mynd.



Flokkunarreglugerð

Flokkunarreglugerð ESB tók gildi á Íslandi 1. júní 2023 með lögum nr. 25/2023 um upplýsingagjöf um sjálfbærni á sviði fjármálaþjónustu og flokkunarkerfi fyrir sjálfbærar fjárfestingar.

Tilgangur reglugerðarinnar er að skilgreina hvaða atvinnustarfsemi telst vera umhverfislega sjálfbær út frá tæknilegum matsviðmiðum sem koma fram í framseldri reglugerð 2021/2139 og á að stuðla að gagnsæi í sjálfbærniupplýsingagjöf. Til þess að fyrirtæki geti talist umhverfislega sjálfbær í skilningi reglugerðarinnar þurfa þau að uppfylla viðmið fyrir umhverfislega sjálfbæra atvinnustarfsemi skv. 3.gr. reglugerðarinnar. Í fyrsta lagi þarf atvinnustarfsemin að stuðla verulega að einu eða fleiri umhverfismarkmiðum, á sama tíma má hún ekki skaða önnur markmið. Hún þarf að vera stunduð í samræmi við 18.gr. flokkunarreglugerðarinnar um lágmarksverndarráðstafanir og að lokum að hlíta tæknilegum matsviðmiðum. Sýn hóf mat á hlíðni við þessi viðfangsefni árið 2024 og mun halda þeirri vinnu áfram árið 2025.

Reglugerðin gerir kröfu um að fyrirtæki birti hlutfall veltu, fjárfestingagjalda og rekstrargjalda fyrir nýliðið rekstrartímabil á hæfri starfsemi, það er, starfsemi sem fellur undir flokkunarreglugerðina. Að sama skapi skal birta sömu lykilmælikvarða fyrir starfsemi sem uppfyllir öll viðmið reglugerðarinnar og telst vera samræmd starfsemi eða umhverfislega sjálfbær.

Á Íslandi gildir reglugerðin um fyrirtæki sem falla undir skyldu til að skila ófjárhagslegum upplýsingum skv. 66. gr. d í lögum um ársreikninga, nr. 3/2006. Sýn fellur því undir gildissvið reglugerðarinnar og hér á eftir fara nánari skýringar á hvernig skilyrðin eru uppfyllt.

Hæf starfsemi

Sýn hóf yfirferð á starfsemi sinni í samræmi við tæknileg matsviðmið þar sem starfsemi félagsins var borin saman við þau tæknilegu matsviðmið sem nú þegar hafa verið birt út frá umhverfismarkmiðunum mildun loftslagsbreytinga og aðlögun að loftslagsbreytingum. Við mat á starfseminni kom í ljós að flokkur 6.5: flutningar með mótorhjólum, fólksbifreiðum og atvinnuökutækjum gætu fallið undir umhverfismarkmiðið mildun loftslagsbreytinga og flokkar 8.3: þáttagerðar- og útsendingarstarfsemi og 13.3: útgáfustarfsemi á sviði framleiðslu á kvikmyndum, myndböndum og sjónvarpsefni, hljóðupptöku og tónlist falla undir umhverfismarkmiðið aðlögun að loftslagsbreytingum.

Samræmd starfsemi

Til þess að starfsemi teljist samræmd og þar með uppfylla skilyrði flokkunarreglugerðarinnar um að vera umhverfislega sjálfbær þarf hún að vera verulegt framlag (e. substantial contribution) og valda ekki umtalsverðu tjóni (e. do no significant harm), auk þess að uppfylla lágmarks verndarráðstafanir. Kröfurnar eru ítarlegar og ljóst að ef að fyrirtæki vilja gefa það út að markmiðin séu uppfyllt með góðri samvisku og þannig að þær standist skoðun þarf mikil grunnvinna að hafa átt sér stað. Þó svo að bílar í eigu og rekstri Sýnar séu allir annað hvort rafmagnsbílar eða bensín/ rafmagnsbílar og uppfylli markmiðið um verulegt framlag til mildunar loftslagsbreytinga eru kröfur sem snúa að hjólbörðum þeirra þess eðlis að gera þarf ráðstafanir til að þeir standist viðmið varðandi veltiviðnámsstuðul og ytri snúningshávaða. Eins og stendur næst ekki að uppfylla þær kröfur hjá bílum Sýnar og því er ekki hægt að staðfesta að þeir séu umhverfislega sjálfbærir í skilningi reglugerðarinnar.

Flokkar sem snúa að útvarps- sjónvarpssendingum og dagskrárgerð og útgáfustarfsemi efnis falla undir umhverfismarkmiðið aðlögun að loftslagsbreytingum. Þar eru viðamiklar kröfur gerðar til framkvæmdar loftslagsáhættu- og veikleikamats með tilliti til aðlögunar að loftslagsbreytingum. Matið skal gert í fjórum skrefum út frá umfangi starfseminnar og væntum líftíma og koma skal fram með aðlögunarlausnir sem draga úr helstu efnislegu

loftslagsáhættum. Slíkt mat hefur ekki farið fram á starfsemi Sýnar og því ekki hægt að staðfesta loftslagsáhættur í starfsemi fyrirtækisins.

Velta

Hlutfall veltu samkvæmt skilgreiningu flokkunarreglugerðarinnar nær yfir tekjur sem eru færðar skv. a-lið 82. mgr. alþjóðlegs reikningsskilastaðals (IAS-staðli) 1. Heildar velta í samræmi við skilgreininguna er í samræmi við heildar veltu samstæðunnar fyrir árið 2024 eins og hún kemur fram í skýringu 3 með ársreikningi. Þar af er 44% vegna starfsemi sem flokkunarkerfið nær yfir en ekki var hægt að staðfesta að væri umhverfissjálfbær starfsemi.

Fjárfestingargjöld

Sýn hefur úthlutað fjárfestingargjöldum á gjaldgenga starfsemi í samræmi við flokkunarreglugerðina. Fjárfestingargjöld samkvæmt 8. gr. flokkunarreglugerðarinnar samanstanda af viðbótum vegna efnislegra og óefnislegra eigna á rekstrarárinu fyrir afskriftir, niðurgreiðslur og endurmat, að undanskildum breytingum á gangvirði. Fjárfestingarútgjöld námu alls 4148 kr. á árinu 2024 í samræmi við viðbætur ársins í skýringum 8, 9, 12 og 15 með ársreikningi. Þar af eru 53% vegna starfsemi sem flokkunarkerfið nær yfir en ekki var hægt að staðfesta að væri umhverfissjálfbær starfsemi.

Rekstrargjöld

Flokkunarreglugerðin skilgreinir rekstrargjöld þrengra en almennt gildir um rekstrargjöld í reikningshaldslegum skilningi. Undir rekstrargjöld skal falla beinn kostnaður sem ekki er færður til eignar, sem varðar rannsóknir og þróun, ráðstafanir vegna endurnýjun bygginga, skammtímaleigu, viðhald og viðgerðir og önnur bein útgjöld vegna daglegs

viðhalds varanlegra rekstrarfjármuna fyrirtækisins eða þriðja aðila sem starfsemi er útvistað til, sem þörf er á til að tryggja áframhaldandi skilvirka starfsrækslu slíkra eigna. Rekstrargjöld námu alls 22 millj. kr. á árinu 2024 og voru til komin vegna viðhalds og viðgerða. Þar af eru 20% vegna starfsemi sem flokkunarkerfið nær yfir en ekki var hægt að staðfesta að væri umhverfissjálfbær starfsemi.



Birgjamat

Birgjastefna og Birgjamat með tilliti til UFS

Farið var að horfa til umhverfis- og félagslegra þátta ásamt stjórnarháttum við framkvæmd birgjamats árið 2022 og hélt innleiðingin áfram árið 2023 og 2024. Þar er litið til sameiginlegs virðis, sjálfbærni og hlítinn birgjastefna Sýnar tekur m.a. til:

- **Umhverfismála** – Að gengið sé vel um náttúruna við framkvæmdir eins og uppsetningar á sendum. Spurt er hvort birgi setji sér markmið og gefi skýrslu um framvindu heimsmarkmiða Sp.
- **Mannréttinda** – Að réttur starfsfólks sé viðurkenndur, félagaþreifi, kaup og kjör, að starfsfólk geti sinnt starfi sínu án valds eða nauðungar og að ekki sé verið að ráða ólöggráða börn.
- **Þjóðernis fólks og uppruna** – Að birgjar og starfsfólk á þeirra vegum hafi jöfn tækifæri án mismunar með tilliti til kyns, kynþáttar, trúarbragða, aldurs, fötlunar, kynhneigðar, þjóðernis eða skoðana.
- **Mögulegrar spillingar** – Að birgjar skuli beita sér gegn spillingu, mútum, fjárkúgunum, svikum og beita viðurkenndum siðareglum í viðskiptum og forðast hagsmunarárekstra milliliða og undirverktaka.
- **Upplýsingaöryggi** – Að birgjar framfylgi persónuverndarstefnu og hlíti persónuverndarlögum, sýni ábyrgð í öryggismálum og séu með formlega upplýsingaöryggisstefnu. Birgjar eru jafnframt beðnir

um að upplýsa um verklag um áhættumat.

Birgjamat er sent á mikilvæga nýja birgja. Þeir fá sendar spurningar sem lúta einna helst að öryggisatriðum í tengslum við ISO 27001 ásamt því hvort um sé að ræða ábyrgan og stöðugan rekstur.

Vinna við að senda út birgjamat í gegnum Klappir er á lokametrum. Notaðir verða staðlaðir spurningalistar úr kerfinu hjá Klöppum þar sem spurt er um umhverfisþætti, félagsþætti, stjórnarhætti og upplýsingaöryggi.

Sýn hefur enn fremur fengið upplýsingar um birgjamat á erlendum birgjum frá Vodafone Procurement Company (VPC) í Lúxemborg, félag sem sér um öll innkaup fyrir Vodafone Group. Athugað er hvort viðkomandi birgi hafi staðist birgjamat hjá VPC en það þykir mikill heiður, og ef svo er þá er sá birgi samþykktur hjá Sýn.

Alla tíð hefur verið litið til þess að ef verið er að ráða t.d. verktaka í útivinnu eða tökumenn á íþróttaviðburðum, að tekið sé tillit til vinnuverndar. Vinnuvernd lýtur að persónulegu öryggi t.d. vinna í lokuðu rými, vinna upp fyrir sig, jarðvinna, búnaðaröryggismál (vottaður búnaður), vinna í rafsegulsviði, rafmagnsvinna og vinna í mikilli hæð og þurfa viðkomandi að hafa öll leyfi og heimildir eða tryggingar í lagi ásamt því að skrá öryggisatvik.

Allir þessir þættir skulu ná til undirverktaka. Sýn tryggir auk þess aukalega það starfsfólk sem vinnur hættulegustu störfum sem nemur dánarbótum og örorkubótum.

Samningar við birgja

Í stöðluðu samningsformi fyrir birgja Sýnar hafa verið ákvæði frá 2014 um að birgjar skuli starfa samkvæmt ábyrgri umhverfisstefnu sem hæfir starfsemi þeirra og setja sér markmið þar að lútandi. Enn fremur skulu birgjar tryggja gæði allra þátta í verkefnum sem þeir koma að með kerfisbundnum, skipulegum og skjalfestum hætti. Tekið er fram að Sýn gegni mikilvægu samfélagslegu hlutverki og veiti víðtæka þjónustu sem skiptir miklu máli fyrir innviði félagsins. Sýn tekur hlutverk sitt alvarlega og leggur sig fram við að vera fyrirmynd annarra í ýmsum samfélags- og sjálfbærnimálum. Fyrirtækið fylgir í hvívetna lögum og reglum og einsetur sér að vernda umhverfið og sýna starfsfólki sínu og viðskiptavinum virðingu í öllum samskiptum. Sýn gerir þá kröfu til birgja að þeir geri ekkert sem kann að orka tvímælis hvað þetta samfélagslega hlutverk varðar. Í stöðluðum samningsformum er einnig tekið á peningaþvætti, mútum og spillingu.

Hagsmunaaðilar


Markmið Sýnar hf. er að eiga í ábyrgum og gagnsæjum samskiptum við alla hagaðila félagsins og standa vörð um þær trúnaðarupplýsingar sem falla til í starfseminni. Sýn er hlutafélag skráð á aðalmarkað Nasdaq OMX Iceland. Upplýsingar um helstu eigendur þess er að finna á vefsíðu félagsins undir [fjárfestatengslum](#). Þá hefur félagið sett sér reglur um ritstjórnarlegt sjálfstæði fréttastofu, Stöðvar 2, Vísis og Bylgjunnar, auk þess sem miðlar félagsins starfa á grundvelli útgefnar ritstjórnarstefnu. Hagaðilar Sýnar eru fjölmargir en hagaðilagreining félagsins var unnin af starfsfólki og stjórnendum Sýnar.

Hagaðilar Sýnar skiptast í innri og ytri hagaðila

Meðal innri hagaðila Sýnar eru: starfsfólk, stjórnendur, hluthafar og yfirstjórn.

Meðal ytri hagaðila Sýnar eru: náttúran, viðskiptavinir, birgjar, þjónustuaðilar, samstarfsaðilar, dótturfélög, eftirlitsaðilar, aðrir fjölmiðlar, fyrirtæki, stofnanir, greiningaraðilar, félaga- og hagsmunasamtök, umhverfissamtök, yfirvöld og samkeppnisaðilar.





Virðiskeðja



Áhættustjórnun

Áhættustýring og innra eftirlit

Innra eftirlit og áhættustjórnun er innbyggt í stjórnkerfi Sýnar m.a. í þeim tilgangi að tryggja árangursríkan, ábyrgan og samfelldan rekstur. Markmiðið með áhættustjórnun hjá Sýn er draga úr líkum á neikvæðum áhrifum, nýta tækifæri og tryggja öryggi, afkomu og árangur félagsins. Fagleg vinnubrögð starfsfólk er lykill að árangri og tryggir að beittar séu viðeigandi ráðstafanir til að draga úr áhættu sem steðjar að starfsfólki eða Sýn. Heilt yfir er rekstur Sýnar frekar áhættufælinn sem þýðir að félagið bregst almennt við áhættu með því að meðhöndla hana til áhættulækkunar t.d. þegar kemur að heilsu og öryggi starfsfólks, viðskiptavina, vinnslu upplýsinga og rekstur net eða upplýsingakerfa.

Innra eftirlit er mikilvægur þáttur í að tryggja örugga og skilvirka starfsemi í samræmi við ytri og innri kröfur Sýnar. Innri og ytri úttektir eru framkvæmdar reglulega til að tryggja að unnið sé í samræmi við sett markmið, stefnur, lög og reglugerðir sem um félagið gilda. Virkt innra eftirlit dregur úr áhættu og bætir skilvirkni í rekstri, fjármálum og upplýsingagjöf. Regluvörður tilheyrir deild Aðallögfræðings hjá Sýn. Meginhlutverk regluvörslu eru útgefandaskyldur og eftirlit með hlítingar- háttsemisáhættu. Þá snýr starf regluvarðar öðru fremur að tryggja að fullnægjandi þekking sé til staðar innan félagsins á ákvæðum um meðferð innherjaupplýsinga og viðskipti stjórnenda.



Upplýsingaöryggi

Upplýsingaöryggi er lykilþáttur í starfsemi Sýnar og leggur félagið ofuráherslu á að skapa jákvæða öryggismenningu meðal starfsmanna. Allir sem hefja störf hjá Sýn fara í gengum nýliðafræðslu þar sem m.a. er lögð áhersla á öryggisvitund, persónuvernd og fylgni við kröfur, lög og reglur. Sýn hefur komið upp rafrænni fræðslugátt sem inniheldur

m.a. árleg skyldunámskeið fyrir starfsfólk er lúta að upplýsingaöryggi og persónuvernd.

Sýn er vottað samkvæmt alþjóðlega staðlinum ISO27001:2013. Vottunin staðfestir að unnið sé í samræmi við kröfur staðalsins og staðfestir að Sýn fylgir verklagi sem tryggir vernd gagna, minnkar áhættu og minnkar líkur á áföllum eða ófyrirséðum truflunum á starfsemi félagsins.

Hluti af starfsemi Sýnar telst til rekstrarlega nauðsynlegrar þjónustu fyrir Ísland og tryggir stjórnkerfið félagsins m.a. fylgni við lög og reglur um öryggi net og upplýsingakerfa mikilvægra innviða. Sýn lýtur eftirliti Fjarskiptastofu. Net- og upplýsingakerfi félagsins eru vöktuð allan sólarhringinn af starfsfólki

Stjórnborðs Sýnar þar sem unnið er eftir skilgreindu verklagi ef upp koma bilanir eða þjónusturof. Til staðar er viðbragðs- og neyðaráætlun sem er virkjuð ef upp koma atvik eða atburðir sem ógna öryggi starfsemi félagsins eða net- og upplýsingakerfum þess. Þar eru hlutverk og ábyrgð skýr og skilgreindar hafa verið aðgerðir og boðleiðir í samræmi mismunandi atvik og atburði.

Sjálfbærniuppgjör

Rekstrarþættir

	Einingar	2022	2023	2024
Rekstrarbreytur				
Heildartekjur	m. kr.	22.983	25.911	21.647,0
Eignir alls	m. kr.	-	34.935,5	31.050,0
Eigið fé alls (óskráð félög)	m. kr.	9.469	10.288	8.652,0
Fjöldi stöðugilda	starfsgildi	460	492	417,0
Heildarflatarmál fyrir eigin rekstur	m²	8.284,6	8.284,6	8.284,6

Losunarkræfni gróðurhúsalofttegunda

Losunarkræfni orku	kgCO ₂ í/MWst	27,9	30,8	53,2
Losunarkræfni starfsfólks	kgCO ₂ í/stöðugildi	632,2	655,8	1.211,0
Losunarkræfni eigna	kgCO ₂ í/milljón	-	9,24	16,26
Losunarkræfni tekna	kgCO ₂ í/milljón	12,65	12,45	23,33
Losunarkræfni eiginfjár	kgCO ₂ í/milljón	30,7	31,4	58,4
Losunarkræfni á hvern fermetra	kgCO ₂ í/m²	35,1	38,9	61,0
Nasdaq: E2 UNGC: P7, P8 GRI: 305-4 SDG: 13 SASB: General Issue / GHG Emissions, Energy Management				

	Einingar	2022	2023	2024
Orkukræfni				
Orkukræfni starfsfólks	kWst/stöðugildi	22.725,4	21.323,9	22.758,8
Orkukræfni tekna	kWst/milljón kr.	453,1	404,9	438,4
Orkukræfni á fermetra	kWst/m²	1.256,9	1.266,4	1.145,5
E4 UNGC: P7, P8 GRI 302-3 SDG: 12 SASB: General Issue / Energy Management	m²	8.284,6	8.284,6	-
Úrgangskræfni				
Úrgangskræfni starfsmanna	kg/stöðugildi	99,7	108	84,1
Úrgangskræfni tekna	kg/milljón kr.	2,0	2,1	1,6

Umhverfi

	Einingar	2022	2023	2024
Gróðurhúsalofttegundir				
Umfang 1	tCO ₂ Í	135,7	122,0	95,5
Umfang 2 (landsnetið)	tCO ₂ Í	99,5	100,8	76,1
Umfang 2 (með markaðsaðgerðum)	tCO ₂ Í	-	3.976,8	4.493,1
Umfang 1 og 2	tCO ₂ Í	235,2	222,8	171,6
Samtals umfang 1 og 2 (markaðskerfi)	tCO ₂ Í	-	4.098,8	4.588,6
Umfang 3	tCO ₂ Í	55,6	99,9	333,4
Losun gróðurhúsalofttegunda (Umfang 1, 2 (landsnetið) og 3)	tCO ₂ Í	290,8	322,7	505,0
Losun gróðurhúsalofttegunda (Umfang 1, 2 (með markaðsaðgerðum) og 3)	tCO ₂ Í	-	4.198,7	4.922,0
Nasdaq: E1 UNGC: P7 GRI: 305-1,305-2,305-3 SASB: General Issue / GHG Emissions TCFD: Metrics & Targets				

	Einingar	2022	2023	2024
Mótvægisaðgerðir				
Samtals mótvægisaðgerðir	tCO ₂ í	282,0	0,0	0,0
þar af staðfestar kolefniseiningar	tCO ₂ í	-	150,0	200,0
þar af óstaðfestar mótvægisaðgerðir	tCO ₂ í	282,0	165,0	-
Umfang 1 – Samsetning losunar				
Heildarlosun	tCO ₂ í	135,7	122,0	95,5
Staðbundin eldsneytisnotkun	tCO ₂ í	0,0	0,0	0,0
Eldsneytisnotkun farartækja	tCO ₂ í	135,7	122,0	95,5
Lekalosun	tCO ₂ í	0,0	0,0	0,0
Umfang 2 – Samsetning losunar				
Heildarlosun	tCO ₂ í	99,5	100,8	76,1
Rafmagn	tCO ₂ í	86,3	87,6	65,0
Hitaveita	tCO ₂ í	13,2	13,2	11,2

	Einingar	2022	2023	2024
Umfang 3 – Losun á fyrri stigum				
Flokkur 3: Eldsneytis- og orkutengd starfsemi				
Heildarlosun	tCO ₂ Í	40,0	36,3	38,0
Losun á fyrri stigum vegna eldsneytisnotkunar	tCO ₂ Í	33,7	30,2	30,7
Losun á fyrri stigum vegna rafmagnsnotkunar	tCO ₂ Í	0,3	0,3	0,3
Flutnings- og dreifitap raforku og hitaveitu	tCO ₂ Í	6,0	5,8	7,0
Framleiðsla á áframseldri raforku	tCO ₂ Í	0,0	0,0	0,0
Flokkur 5: Úrgangur frá rekstri				
Heildarlosun		6,6	7,0	0,3
Flutningur, förgun og meðhöndlun á úrgangi		6,6	7,0	0,3
Flokkur 6: Viðskiptaferðir				
Heildarlosun		9,0	56,5	14,1
Flugferðir		9,0	56,5	14,1
Flokkur 7: Samgöngur starfsmanna				
Heildarlosun		0,0	0,0	281,0
Áætlanarbifreiðar		0,0	0,0	8,1
Einkabíll		0,0	0,0	273,0
